

RATAN HALLGRÍMSSON
Leikur í sænskum sjón-
varpsþætti fyrir börn

• Börn • Bílar • Nám

allt

ÞU BLAÐSINS



VERK AÐ VINNA
Lausar lóðir á
suðvesturhorninu

Sérblað um byggingariðnaðinn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



EDDA ANDRÉSDÓTTIR
Skrifar bók um
föður sinn

Gerir upp erfiða glímu við Alzheimer

FÓLK 34



FRÉTTABLAÐIÐ

5. september 2007 — 240. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Mikilvægur stuðningur

Vinir Úlfs Chaka Karls-sonar halda tónleika til að styrkja hann í baráttunni við erfið veikindi.

FÓLK 28

Ótrúleg frjósemi

Álfrún Örnólfsdóttir er ein sjö leikara sem tengjast sýningunni Gretti sem fjölga mannkyninu um þessar mundir.

FÓLK 34

Mannekla í borginni

„Sveitarfélög á höfuðborgar-svæðinu standa ekki undir þeirri grunnþjónustu sem ætlast er til að þau veiti,“ skrifar Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi.

Í DAG 18

Ekkert ákveðið

Knattspyrnudeild FH hefur ekki ákveðið hvort hún leyfi lánsmönnum félagsins hjá Fjölni að leika úrslita-leikinn í bikarnum gegn móðurfélagi sínu.

ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG

RIGNING SÍÐDEGIS - Í dag verða yfirleitt suðvestlægir áttir, 3-8 m/s. Skýjað með köflum og þurrt í fyrstu en fer að rigna sunnan og vestan til síðdegis. Víða rigning í nótt. Hiti 9-15 stig.

VEÐUR 4

> Markaðurinn

Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

MARKAÐURINN

Reknir á gengishagn-
aði sem aldrei fyrr

Dröngir á Íslandi og Lettlandi

Track11

Landamir



ÖLDUGANGUR ÚTI Á GRANDA „Þetta horfir allt til betri vegar,“ segir Sigurður P. Ragnarsson veðurfræðingur um lægðina sem plagað hefur landsmenn síðustu daga. „Þetta var fyrsta haustlægðin,“ segir hann. „Bara rétt til að minna okkur á hvar við búum.“ Sigurður segir að talsvert muni hlýna á morgun en þá er búist við allt upp undir 20 stiga hita austanlands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Stór landsvæði skipu- lögð fyrir sumarhús

Þær sumarhúsabyggðir sem þegar eru skipulagðar myndu duga landsmönnum næstu þrjár aldir. Óvenju mikið er af nýjum sumarhúsum segir fasteignasali. Talsvert er um að landeigendur skipuleggi byggð og flytji inn hús á lóðirnar.

VERSLUN Mikill fjöldi sumarhúsa og lóða undir sumarhús er nú til sölu hjá fasteignasölum. Framboð af eldri húsum virðist stöðugt, en meira af nýjum sumarbústöðum er í sölu nú en áður að mati fasteignasala sem vel þekkir til. Tæplega 600 sumarbústaðir víða um land eru nú skráðir til sölu á fasteignavef mbl.is.

Miðað við eftirspurnina eins og hún er í dag er svo mikið til af skipulögðu svæði á Íslandi að „við eigum nóg til næstu þríggið alda, það vantar bara fólk,“ segir Sveinn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Landssambands sumarhúsa-eigenda.

Hann segir að ákveðins tryllings hafi gætt þegar athafnamenn hafi keypt upp jarðir og skipulagt sumarhúsabyggð, en sér virðist sá bransi erfiðari en einhverjir hafi talið í upphafi. „Það eru fjölmargir byggingaraðilar sem hafa verið að kaupa lóðir, jafnvel í tugum talið. Þeir kaupa í þeim eina tilgangi að flytja inn einingahús [...] sem eru ódýr í framleiðslu og ætla sér að græða stórkostlega á þessu öllu saman,“ segir Sveinn.

Mikið framboð á lóðum ætti að sögn Sveins að þýða lækkanði lóðaverð fyrir sumarhús, þó lækku- un virðist láta bíða eftir sér. Til séu dæmi um svæði þar sem reynt sé að halda uppsprengdu verði á lóðum, en það sé í sérstökum til-

IMPREGILO Á SUMARHÚSAMARKAÐINN

Vinnubúðir og önnur hús sem risið hafa tímabundið vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun eru til sölu. Þó nokkur fjöldi hefur sýnt húsunum áhuga, og nokkrir fest sér hús, segir Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo. Húsin eru seld á staðnum, og þurfa því kaupendur að taka þau í sundur og flytja í burtu þegar þau losna.

Ómar segir einhver húsanna geta hentað vel sem sumarhús, þótt eitthvað þurfi auðvitað að gera fyrir húsin eigi þau að falla inn í byggð í Grímsnesi eða annars staðar á landinu.

Hann segir fermetraverðið 200-250 evrur, 18-22 þúsund krónur. Þó að eftir sé að flytja og lagfæra húsin megi samt búast við því að geta fengið um 80 fermetra sumarhús á um fimm milljónir króna.

Það eru fjölmargir byggingaraðilar sem hafa verið að kaupa lóðir, jafnvel í tugum talið.

SVEINN GUÐMUNDSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI

vikum á borð við sumarhúsabyggð í Dagverðarnesi í Borgarfirði, þar sem nýir eigendur hyggist græða því að leigusamningar séu að renna út, og setji allt að 40 milljóna verðmiða á hektarann.

Framboð af sumarhúsum og lóðum undir sumarhús hefur verið

mikið undanfarið, segir Magnús Leópoldsson fasteignasali. Hann segir það tengjast því að fjárfestar kaupi land, skipuleggi lóðir og ætli svo að flytja inn einingahús, til dæmis frá Lettlandi.

Magnús segist ekki hafa rannsað málið sérstaklega, en segir að það líti út fyrir að stór hluti af þessu landi eigi eftir að enda sem sumarbústaðalóðir, og að flutt verði inn hús á þær gangi sala eftir.

Þetta kunni að skýra að framboð af nýjum sumarhúsum virðist ívið meira nú en það hafi verið, en framboð af eldri húsum hafi verið nokkuð stöðugt.

- bj

Stærstu sparisjóðir landsins: Hagnast á fjár- festingum

VIÐSKIPTI Afkoma fimm stærstu sparisjóða landsins er borin uppi af fjárfestingum, ekki ávinningi af bankþjónustu.

Sparisjóðirnir SPRON, BYR, Sparisjóðurinn í Keflavík, Sparisjóður Kópavogs og Sparisjóður Mýrarsýslu mynda stærstan hluta sparisjóðakerfisins. Þeir voru reknir með 22,3 milljarða króna hagnaði á fyrri helmingi ársins, riflega fjórfalt meiri hagnaði en á sama tíma í fyrra. Hagnaðurinn stafar hins vegar fyrst og fremst af gengishækkunum hlutabréfa og afkomu hlutdeildarféлага í fjármála- tengdri starfsemi.

Sjá Markaðinn

Fimmtán ára stropupiltar: Fundust heilir á húfi í Breiðholti

LÖGREGLUMÁL Unglingspiltarnir tveir sem struku af meðferðarheimilinu Bergi í Aðaldal seint á sunnudagskvöld komu í leitirnar um áttaleytið í gærkvöldi. Drengirnir, sem eru fimmtán ára gamlir, fundust heilir á húfi, en þreyttir, í heimahúsi í Efra-Breiðholti. Þeir gistu á meðferðarheimilinu Stuðlum í nótt. Barnaverndaryfirvöld voru kvöld til og verður framhaldið ákveðið í samráði við þau.

Bíllinn sem drengirnir eru grunaðir um að hafa stolið og ekið til Reykjavíkur var í gærkvöldi ófundinn, en málið er í rannsókn að sögn varðstjóra lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

- sh



Á VETTvangi Slökkviliðsmenn voru ekki lengi að ná tókum á eldinum, sem þó kraumaði í einhverja stund.

FRÉTTABLAÐIÐ / ÖRLYGUR HNEFILL

Sumarhús varð eldi að bráð: Meira og minna allt brunnið inni

SLÖKKVILIÐ Allt tiltækt slökkvilið var sent frá Akureyri í Vaðlaheiðina í gærkvöld, þar sem sumarbústaður stóð í ljósum lögum. Tilkynning um eldinn barst skömmu eftir klukkan sjö og innan við klukkustund síðar var búið að ná tókum á eldinum. Þó logaði nokkra stund enn í þakinu.

Að sögn varðstjóra slökkviliðsins á Akureyri er allt meira og minna brunnið innanstokks, þótt bústaðurinn standi enn. Eldsupptök eru ókunn og ekki liggur fyrir hvenær einhver var síðast í húsinu.

- sh



Bjarni, lagðir þú þig í Lína?

„Já, langflesta dagana en fylgdist þó vel með Grímseyjarferjumálinu og er fullt eins vel lesinn og formaður fjárlaganefndar.“

Formaður fjárlaganefndar afskrifar gagnrýni Bjarna Harðarsonar í Grímseyjarferjumálinu og segir hann hafa misst af málinu á ferðalagi um Perú.

Tveggja ára barn slapp vel:

Tvær slösuðust í hörðum árekstri

LÖGREGLUMÁL Tvær konur á fimmtugsaldri voru fluttar til Reykjavíkur á sjúkrahús eftir harðan árekstur á Reykjanesbraut við Grænás rétt fyrir klukkan sjö í gærkvöldi. Læknir á slysadeild sagði að konurnar yrðu báðar lagðar inn en vildi ekki kalla meißl þeirra alvarleg. Eitthvað gæti þó átt eftir að koma í ljós.

Tveggja ára gamalt barn var í öðrum bílnum og að sögn lögreglunnar á Suðurnesjum slapp það án mikilla meiðsla. Þar mun bílstóll hafa bjargað miklu.

Lögregla segir annan bílinn hafa ekið framan á hinn. Talið er að önnur konan hafi sofnað með þessum afleiðingum.

- sh

Ævintýramaðurinn Fossett:

Flugvél hans týnd í tvo daga

BANDARÍKIN, AP Flugvél ævintýramannsins Steves Fossett hefur verið týnd síðan á mánudaginn. Fossett flaug frá flugvelli í



STEVE FOSSETT

Richard Branson og Fossett, til hægri, eftir farsæla lendingu Fossets í fyrra.

Nebraska-ríki í Bandaríkjunum, á einshreyfils Bellanca flugvél, á mánudaginn en kom ekki til baka á þeim tíma sem hann kom ekki til Fossett án árangurs. Hann sagði að leitarmenn hefðu ekki hugmynd um hvar Fossett væri að finna og að vandamálið væri meðal annars það að hann hefði ekki sagt neinum hvert hann ætlaði.

- ifv

Fellibylurinn Felix genginn á land í Mið-Ameríku:

Óttast tjón í Hondúras og víðar

MIÐ-AMERÍKA, AP Fellibylurinn Felix náði landi í gær í afskekktu strandhéraði Níkaragva. Á sama tíma gekk hitabeltisstormurinn Henrietta yfir suðurenda Baja California-skagans.

Felix var fellibylur af hæsta styrkleika, 5. stigs samkvæmt mati bandarísku fellibyljamiðstöðvarinnar, er hann náði strönd Níkaragva við botn Karíbahafs. Meðalvindstyrkur í bylnum var þá 260 km/klst og sviptust þök af húsum, þar á meðal lögreglustöð, rafmagnslínur féllu og það rigndi eins og hellt væri úr fötu.

Því var spáð að Felix ynni mun meira tjón er hann færðist inn yfir þéttbýlli svæði í Hondúras og Gvatemala. Búið var við að bylurinn skildi allt að 64 úrkomusentimetra eftir í höfuðborgunum Tegucigalpa og Gvatemalaborg.

Árið 1998 staðnæmðist fellibylurinn Mitch í fjóra daga yfir sama svæði. Nærri 11.000 manns fórust og



ÓVEÐUR Í ÁDSIGI Neglt fyrir hótélglugga í La Ceiba í Austur-Hondúras.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

yfir 8.000 týndust. Felix er 31. Atlantshafsfellibylurinn af hæsta stigi frá því mælingar hófust árið 1886 og sá áttundi á síðustu fimm árum.

- aa



BORGARSTJÓRNARFUNDUR Borgarfulltrúar fjölluðu um tillögu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur á borgarstjórnarfundi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Átti leynifund með stjórnendum OR

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segist hlynntur hlutafélagavæðingu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann fundaði með stjórnendum OR seinni partinn í gær. Iðnaðarráðherra tekur fullan þátt í leiðangrinum, segir Svandís Svavarsdóttir.

ORKUMÁL „Miðað við eindregnar yfirlýsingar Vilhjalms Þ. Vilhjálmssonar borgarstjóra og Björns Inga Hrafnssonar, formanns borgarráðs, þá hef ég ekki áhyggjur af því að Orkuveita Reykjavíkur verði einkavædd,“ segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra. Hann átti óopinberan fund með Guðmundi Þoroddsyni, forstjóra Orkuveitunnar, og Hjörleifi B. Kvaran seinni partinn í gær.

„Við áttum engan opinberan fund með iðnaðarráðherra en ég get hitt Össur þegar ég vil,“ sagði Hjörleifur. Einar Karl Haraldsson, aðstoðarmaður Össurar, staðfesti í gærkvöld að fundurinn hafi farið fram og hafist klukkan fjögur. Þar voru málefni fyrirtækisins til umræðu og þá helst fyrirsjáan-

leg breyting á rekstrarformi Orkuveitunnar.

Össur segist ekki vera á móti því að rekstrarformi fyrirtækisins verði breytt úr sameignarfyrirtæki í hlutafélag. Það sé að mörgu leyti heppilegt rekstrarform og geri fyrirtækinu frekar mögulegt að taka þátt í útrás íslenska orkuiðnaðarins.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sagðist á borgarstjórnarfundi í gær líta svo á að Orkuveitan ætti að vera áfram í samfélagslegri eigu, þrátt fyrir hlutafélagavæðinguna.

Stjórn fyrirtækisins hefur nú þegar samþykkt tillögu til eigenda fyrirtækisins að það verði hlutafélag frá 1. janúar 2008. Reykjavíkurborg er langstærsti eigandinn,

með um 93,5 prósent hlut, Akranesbær á 5,5 prósent, Borgarbyggð um 0,76 prósent og Borgarfjarðarsveit um 0,17 prósent.

Málið var til umfjöllunar á borgarstjórnarfundi í gær en borgarráð fjallar um tillöguna á fundi á fimmtudaginn.

Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, lýsti yfir vonbrigðum sínum með það á borgarstjórnarfundinum að tillagan virtist hafa meirihlutafylgi á þingi. „Iðnaðarráðherra tekur fullan þátt í þessum leiðangri,“ sagði Svandís.

Össur segir öllu máli skipta að tryggt sé að almannaveiturnar, heita og kalda vatnið, séu áfram í félagslegri eigu.

magnush@frettabladid.is

Fjórtán ára meiddist í árekstri:

Próflaust barn ók á annað

LÖGREGLUMÁL Fjórtán ára drengur slasaðist á fæti þegar hann lenti í árekstri við annan fjórtán ára dreng í Vestmannaeyjum, en báðir óku mótorkrosshjólum. Hvorugur hefur réttindi til að aka slíku hjóli.

Slysið varð inni í Vestmannaeyjabæ og var annað hjólið óskráð. Drengurinn meiddist ekki mikið. Umferðarstofa sendi frá sér tilkynningu vegna málsins í gær, þar sem fram kom að töluvert hafi verið um slys upp á síðkastið þar sem unglingar og börn aki mótorkross-eða fjórhjólum réttindalaus. Það sé óheimilt nema á tilteknum svæðum.

- sh

SAGT Á FUNDINUM

„Heimasíða Sjálfstæðisflokksins hefur greinilega verið ríkisstjórnarflokkinum notadryg við gerð stjórnarsáttmáls,“ - Svandís um stefnu ríkisstjórnarinnar í orkumálum. Hún talaði fyrir því að hlutafélagavæðing Orkuveitunnar gæti verið fyrsta skrefið í átt að einkavæðingu fyrirtækisins.



„Nú virðist sú staða uppi að það sé búið að tryggja meirihluta fyrir þessari tillögu á þingi [...] iðnaðarráðherra bíður með opin faðminn eftir því að þetta komi inn á hans borð.“

„Ég heyrir að háttvirtur borgarfulltrúi Vinstri grænna hefur áhyggjur af því að það séu að verða til einhver vandamál hjá minnihlutunum í borgarstjórn. Ég get ekki tryggt að þetta mál, frekar en önnur, muni ganga vandamálalaut fyrir sig hjá minnihlutunum,“ - Vilhjálmur Þ.



Vilhjálmsson borgarstjóri, vegna ummæla Svandísar Svavarsdóttur, þess efnis að iðnaðarráðherra væri búinn að skapa vandamál innan minnihlutans með því að vera opinberlega fylgjandi hlutafélagavæðingu. „Ég heyrði að þú [Svandís Svavarsdóttir] varst að vitna í samþykktir Sjálfstæðisflokksins. Þú hefur gott af því að kynna þér samþykktir Sjálfstæðisflokksins sem allra mest.“

„Við framsóknarmenn fögnum jákvæðu umtali um Orkuveitu Reykjavíkur, sem er einstaklega öflugt fyrirtæki. Umráðan um þetta fyrirtæki hefur ekki alltaf verið á jákvæðum nótum,“ - Björn Ingi Hrafnsson, er hann talaði fyrir hlutafélagavæðingu Orkuveitunnar.



„Mér finnst yfirlýsing iðnaðarráðherra einstaklega mikið gleðiefni og geri ráð fyrir því að hann tali fyrir Samfylkinguna á þingi, og þetta mál nái þannig þrautalaus fram að ganga. Það er öllum ljóst, að þetta er fyrst og fremst rekstrarformsbreyting og er að mínu mati alls ekki undanfari einkavæðingar.“

Skorað á stjórnvöld í gegnum tölvupóst að leiðrétta kjör öryrkja og aldraðra:

Sjúkir lamdir niður af kerfinu

FÓLK „Mér sýnist á öllu að ég fái útborgað 95 þúsund krónur á mánuði það sem eftir er af minni ævi og á þeirri upphæð ætla stjórnvöld mér og dóttur minni að komast af,“ segir Þórdís Tinna Aðalsteinsdóttir, krabbameinssjúk móðir.

Í gær barst fjöldi áskorana til Tryggingastofnunar, heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis þar sem skorað var á stjórnvöld að leiðrétta þegar í stað kjör öryrkja og aldraðra til samræmis við íslenskan veruleika. Veikindi Þórdísar Tinnu og Gíslínu Erlendsdóttur, sem einnig er með ólæknandi krabbamein, urðu kveikjan að mótmælunum.

Þórdís segir þetta baráttu við kerfið og það ranglæti sem sjúklingum er gert að sæta. Hún nefnir sem dæmi að þar sem foreldrar hennar hafi mikið þurft að liggja inni á sjúkrahúsi hafi þeir misst ellilífeyri sinn; sjálf geti hún búið við skerðingu á þeim bótum sem henni eru fengnar nú ætli lífeyris-sjóður hennar að koma til móts við hana. „Bæturnar eru ekki mönnum bjóðandi og fارانlegt að veikt fólk sé sífellt lamið niður af kerfinu,“ segir Þórdís.

Hrannar B. Arnarson, aðstoðarmaður Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra, bendir á að



EKKI MÖNNUM BJÓÐANDI Þórdís Tinna segir að sér sé gert að lífa af 95 þúsund krónum það sem eftir er ævi sinnar. Hún segir það ómögulegt og er þakklát fyrir þann stuðning sem hún hefur fengið frá þeim sem hún þekkir sem og ókunnugum.

félagsmálaráðuneyti taki við málefninu um áramót. „Við vitum af þessu, erum vakandi fyrir stöðunni og munum gera okkar til að bæta úr þegar að því kemur,“ segir Hrannar.

- kdk

-2kr.



Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is



www.ob.is

ESTÉE LAUDER

Gjöfin þín í Lyfju

Þetta er þinn dagur. Sjáðu hvað 7 daga skammtur af Resilience Lift Extreme kremið gerir fyrir húð þína. Njóttu þess besta í varalitum með fullri stærð af Pure Color Crystal varalit og nýju glossi.

Fyrir augu færðu 10 daga skammt af Projectionist Mascara og Gentle Eyemakeup Remover augnfarðahreinsi. Og að auki Estée Lauder pleasures ilminn.

Allt þetta fyrir þig í fallegri snyrtitösku ef þú verslar Estée Lauder vörur fyrir 4.200 krónur eða meira í Lyfju Lágmúla, Lyfju Smáratorgi og Lyfju Laugavegi, dagana 5. – 10. september.

Verðgildi gjafarinnar er kr. 9.500

*Meðan birgðir endast



Við mælum með:



- Advanced Night Repair Protective Recovery Complex

Konur um allan heim þekkja ótrúlega virkni þessara dropa. Daga sem nætur auka þeir viðgerðarhæfni húðarinnar og veita vernd til frambúðar með því að gera óskaðleg allt að 90% af skaðlegum sindurefnum.

Hugsaðu um þetta sem "tryggingu" fyrir húð þína.

*Sótt hefur verið um einkaleyfi fyrir þessa efnasamsetningu í Bandaríkjunum og um allan heim.

Ath. Gjöfin fæst aðeins í Lyfju Lágmúla, Lyfju Smáratorgi og Lyfju Laugavegi

GENGIÐ 04.09.2007			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	64,69	64,99
	Sterlingspund	130,19	130,83
	Evra	87,79	88,29
	Dönsk króna	11,785	11,853
	Norsk króna	11,063	11,129
	Sænsk króna	9,352	9,406
	Japanskt jen	0,5595	0,5627
SDR		98,89	99,47
GENGISVÍSITALA KRÓUNNAR			
		119,4764	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			



FRÁ AFMÆLINU Í GÆR Sigurður R. Friðjónsson mjólkubússtjóri færði starfsmönnum MS á Akureyri gjafir í gær í tilefni af því að áttátta ár eru liðin frá því að Mjólkursamlag KEA var stofnað á Akureyri.

MS á Akureyri áttatíu ára: Stefnir í mjólk-urmet hjá MS

ÍÐNADUR Sigurður R. Friðjónsson, mjólkurbússtjóri MS Akureyri, segir að í ár stefni í að met verði slegið í mjólkurframleiðslu á Akureyri. „Við sjáum fram á að tekið verði á móti um 31 milljón lítra af mjólk hjá okkur á árinu 2007, sem er met í sögu mjólkurvinnslu á Akureyri,“ segir Sigurður.

Í gær voru liðin áttatíu ár síðan Mjólkursamlag KEA var stofnað á Akureyri og færði Sigurður öllum sjöttíu starfsmönnum MS á Akureyri gjafir af því tilefni. Starfsemin hófst þó ekki fyrr en 6. mars 1928 og var samlagið þá til húsa neðst í Grófargili á Akureyri. Allar götur síðan hefur verið rík hefð fyrir mjólkurvinnslu á Akureyri.

- ifv

SLÖKKVILIÐ

Kviknaði í þvottavél
Slökkviliði barst tilkynning um eld í parhúsi í Breiðholti á sjötta tímanum í gær. Um lítinn eld í þvottavél var að ræða og hafði íbúa í húsinu tekist að slökkva hann þegar slökkvilið bar að garði. Engan sakaði.

Breytingar á stjórnarráðinu verða í samræmi við það sem þegar hefur verið boðað:

Geir þiggur ekki aðstoð Guðna

STJÓRNMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra þiggur ekki boð Guðna Ágústssonar, formanns Framsóknarflokksins, um samstarf um endurskoðun á stjórnarráðinu og verkaskiptingum þess.

Geir hefur svarað erindi Guðna sem fyrir helgi bauð fram krafta flokks síns við verkið og krafði um leið forsætisráðherra um áform og tillögur á fyrirhuguðum breytingum.

Í svari sínu segir Geir að ríkisstjórnin hafi notað sumarið til að útfæra nánar endurskoðaða verka-skiptingu ráðherra í fullu samræmi við það sem þegar hafi verið boðað. Kveðst hann jafnframt munu undirbúa breytingar á reglugerð um stjórnarráðið sem taki gildi um áramót. Enn fremur segir í svarinu að í mörgum tilfellum kalli verkefnatil-færsla einnig á breytingar á sérlögum og muni ríkisstjórnin flytja frumvarp þar að lútandi í haust.



GEIR H. HAARDE

GUÐNI ÁGÚSTSSON

Þá megi gera ráð fyrir að í einhverjum tilfellum þurfi að flytja frumvörp til nýrra sérлага. „Þing-mönnum munu því að sjálfsögðu gefast eðlileg tækifæri til að fjalla um áform ríkisstjórnarinnar í þessu efni,“ segir í niðurlagi bréfs forsætisráðherra.

- bps

Risaolíulindir undan Grænlandsströndum

Ný bandarísk rannsókn bendir til að gríðarmiklar gas- og olíulindir sé að finna undan Norðaustur-Grænlandi, skammt norður af lögsögu Íslands. Danir og Grænlandingar deila um hvernig tekjum af slíkum auðlindum skuli ráðstafað.

GRÆNLAND Undir hafsbotni í Norður-Íshafi er risavaxnar olíu- og gaslindir að finna, einkum og sér í lagi undan norðausturströnd Grænlands. Að þessari niðurstöðu komst bandaríska jarðvísindastofnunin USGS eftir „fyrstu kerfisbundnu og ítarlegu greininguna“ á málinu, að því er þýska vikuritíð Der Spiegel hefur eftir Mark Myers, forstöðumanni USGS.

Samkvæmt niðurstöðum USGS er mestu jarðefnaeldsneytislindir Norðurhafa að finna undan NA-Grænlandi; þar undir hafsbotni liggja jarðgas og olía sem að magni til samsvari 31 milljarði fata af hrá-olíu. Frekari rannsóknir þarf hins vegar til að staðfesta að þetta sé rétt til getið og enn á eftir að þróa tækni sem gerir vinnslu á þessum lindum arðbæra. Með síminnkandi útbreiðslu Norðurskautsísins samfara hlýnun loftslags kann þetta hins vegar að breytast.

Deilur um hvernig ráðstafa skuli arðinum af nýtingu slíkra auðlinda í grænlenksu lögsögunni í framtíðinni hafa nú valdið því að slegið hefur verið á frest að leggja fram frumvarp að nýjum heimastjórnarlögum fyrir Grænland. Frumvarpið hefur verið í smíðum í þrjú ár og höfðu vonir staðið til að unnt yrði að ganga frá frumvarpinu á áformuðum lokafundi grænlenks-dönsku nefndarinnar, sem samdi frumvarpið, í Nuuk hinn 13. september. Því hefur nú verið frestað um óákveðinn tíma. Athygli vekur þó að ný viðhorfskönnun sýni að mikill meirihluti Dana telur sjálf-sagt að Grænlandingar sitji einir að því að njóta góðs af þeim auð-



ÓSÆTTI Hans Enoksen, formaður grænlenksu landstjórnarinnar, og Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, í llulissat á dögunum. Deilur um ráðstöfun olíuárðs veldur töfum á nýjum heimastjórnarlögum.

NORDICPHOTOS/AFP

lindum sem í grænlenksri lögsögu kunna að finnast. Í könnun sem Synovate Vilstrup-stofnunin gerði fyrir Politiken kemur fram, að 63 prósent Dana eru þessa sinnis.

Enn hærra hlutfall Dana, þrír af hverjum fjórum, telur að Grænland ætti að fá fullt sjálfstæði. Ítrekað hefur komið fram í viðhorfskönnunum í Grænlandi, að þar styður meirihlutinn stefnuna á sjálfstæði. Í slíkri könnun frá árinu 2002 sögðust 80 prósent Grænlandinga vilja tafarlaust sambandslið.

Efnahagslega er Grænland hins vegar enn mjög háð Danmörku. Niðurgreiðslan úr danska ríkiskassanum til grænlenksa lands-sjóðsins nemur árlega 38 milljör-um íslenskra króna, eða 790.000 krónum á hvern íbúa Grænlands. Þessi niðurgreiðsla félli niður ef Grænland hlýti sjálfstæði.

audunn@frettabladid.is



Bæjarstjóri í Rússlandi:

Hefur bannað allar afsakanir

RÚSSLAND, AP Starfsmenn á bæjarskrifstofunum í Megion í Rússlandi mega ekki lengur segja „Ég veit það ekki“ eða „Ég get það ekki“ þegar leitað er til þeirra. Að öðrum kosti verði þeir reknir.

Bæjarstjórinn Alexander Kuzmin hefur lagt blátt bann við öllum undanbrögðum og segir að starfsmenn bæjarins eigi að „finna aðferðir til að leysa og afgreiða vandamál, en ekki að forðast þau“.

Á lista yfir 27 setningar, sem bannað er að segja, eru meðal annars þessar: „Það er ekki í mínum verkahring“, „Það er ekki hegt“, „Ég er í mat“ og „Ég var í fríi“.

Sverrir Hermannsson: Geymir bréfið í bankahólf

FÓLK Sverrir Hermannsson, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, segist geyma bréf, sem fjallað var um í bókarkafli sem var felldur úr bók Pálma Jónassonar fréttamanns um hann, í bankahólf. Sverrir segist ekki vilja greina frá efni bréfsins en hugsanlega muni hann gera það síðar.

Pálmi Jónasson segir þá báða hafa viljað birta kaflann í bókinni, sem heitir „Sverrir – skuldaskil“ og kom út hjá Eddu árið 2003, en stjórnendur útgáfunnar hafi „farið á taugum“ skömmu áður en bókinn fór í prentun. Sverrir hætti svo við að birta kaflann í bókinni.

- ifv

Greindarskertur maður:

Sýknaður af því að hafa nauðgað

DÓMSMÁL Greindarskertur karlmaður á fertugsaldri var í gær sýknaður af ákæru um að hafa nauðgað greindarskertri konu. Að teknu tilliti til vitnisburðar sérfræðinga taldi dómurinn ekki rétt að sakfella manninn fyrir nauðgun.

Í dómnum er tekið fram að mögulegt sé að vegna andlegs vanþroska hafi maðurinn missskilið konuna.

Fólkið hittist á dansleik og fór saman heim til mannsins, þar sem þau höfðu samfarir. Dómurinn taldi jafnframt að ekki hefðu komið fram haldbærar sannanir fyrir því að konan hefði ekki viljað hafa samfarir við manninn.

- mh

Pílukastfélag Reykjavíkur

Býður uppá kynningu og kennslu í pílukasti á Classic Rock Ármúla 5, miðvikudaginn 5. og fimmtudaginn 6. september kl: 20:00

Pila.is **classic.is**




NÆSTA LÆGÐ NÁLGAST
Hún var nokkuð kröft-ug, fyrsta alvöru haust-lægðin sem gekk yfir í gær. Það verður stund milli stríða í dag en nú síðdegis nálgast ný lægð með vætu en þó mun minni vind en haustlægð gær dags-ins. Það fer að rigna vestan til nú síðdegis og í kvöld verður víða dálítill rigning á landinu sunnan og vestan-verðu. Í nótt verður svo víðast hvar töluverð rigning og súld.

REYKJAVÍK Í DAG
Fremur hæg suðvest-læg átt. Skýjað og þurr í fyrstu en fer að rigna þegar liður á daginn.

VEÐURSPÁ

um hádegis »



um hádegis »

Kaupmannahöfn	17°C	léttskýjað	London	23°C	hálfskýjað	Friedrichshafen	12°C	skúrir
Billund	16°C	skúrir	Paris	20°C	alskýjað	Basel	16°C	léttskýjað
Osló	18°C	léttskýjað	Amsterdam	18°C	skúrir	Alicante	26°C	skúrir
Stokkhólmur	16°C	léttskýjað	Frankfurt	18°C	léttskýjað	Algarve	28°C	hálfskýjað
Gautaborg	17°C	skúrir	Berlín	17°C	léttskýjað	Las Palmas	26°C	léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

SAFNKORTIÐ FLÝGUR ÚT

Margfaldaðu punktana þína og fljúgðu út á frábæru
Safnkortstilboði til **London, Baltimore, Helsinki**
eða **Amsterdam** á tímabilinu 1. okt.–9. des.

Bókaðu á **www.n1.is** á tímabilinu 3.–9. sept.
Takmarkað sætaframboð

FILEN/SIA F102648



AMSTERDAM - Verð frá **16.900 kr.** auk **3000 punkta**. Fullt verð frá 30.770 kr.
LONDON - Verð frá **16.900 kr.** auk **3000 punkta**. Fullt verð frá 28.080 kr.
HELSINKI - Verð frá **16.900 kr.** auk **3000 punkta**. Fullt verð frá 29.750 kr.
BALTIMORE - Verð frá **26.900 kr.** auk **3000 punkta**. Fullt verð frá 46.300 kr.

N1 býður nú safnkortshöfum sem eiga 3000 punkta eða fleiri að taka flugið til fjögurra áfangastaða Icelandair á frábæru verði. Þú greiðir aðeins frá 16.900 kr. og bætir við 3000 punktum. Þannig margfaldar þú virði punktanna þinna. Ekki missa af þessu einstaka tilboði. **N1 - Meira í leiðinni.**

KJÖRKASSINN



Hefur þú fordóma gagnvart útlendingum?

Já

45%

Nei

55%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér auglýsing Simans með Jesú Kristi í aðalhlutverki ósmekklegr?

ÍSIR

Segðu skoðun þína á vísir.is

Ætti ekki að innheimta sjálfkrafa hjá vinnuveitanda segir formaður skattanefndar:

Skilvísir geti borgað beint

SKATTAMÁL Gefa ætti þeim sem skulda skatta færi á að greiða sjálfir, og innheimta aðeins beint af launum með fulltingi vinnuveitenda ef menn standa ekki í skilum, segir Pétur Blöndal, formaður efnahags- og skattanefndar Alþingis.

Í Fréttablaðinu í gær var fjallað um mál manns sem þurfti að greiða fjármagnstekjuskatt en fékk ekki að greiða skuld sína sjálfur, heldur var hún sjálfkrafa dregin af launum hans í gegnum vinnuveitanda.

Pétur segir gagnrýni mannsins réttmæta; fólk ætti að hafa möguleika á því að greiða sínar skuldir sjálf. „Ég get alveg fallist á það að



PÉTUR BLÖNDAL „Ég get alveg fallist á það að þeir sem vilja standa í skilum við skattkerfið megi það, en ekki sé verið að innheimta hjá þeim eins og af vanskilamönnum.“

þeir sem vilja standa í skilum við skattkerfið megi það, en það sé ekki verið að innheimta hjá þeim eins og af vanskilamönnum,” segir Pétur.

Hann segir eðlilegra að farið sé í laun manna standi þeir ekki skil, og bendir á að launagreiðandinn sjái

ekki út frá þeim gögnum sem hann fái hvers eðlis skuld launamannsins sé, hvort hann skuldi fjármagnstekjuskatt eða aðra skatta.

Pétur segist oft hafa gagnrýnt að Alþingi hafi gefið skattyfirvöldum óþarflega mikinn forgang á kröfur sínar á borgarana umfram aðrar kröfur. Hann útilokar ekki að hann muni beita sér fyrir breytingu á þessu kerfi.

„Ég hef áhuga á að heyra af öllum vandkvæðum sem eru á samskiptum borgaranna og skattyfirvalda, ég vil gjarnan gera þau sem einföldust og vingjarnlegust,” segir Pétur.

- bj

Ísland og Öryggisráðið: Fleiri styðja framboðið nú

UTANRÍKISMÁL Rúmlega 40 prósent landsmanna styðja framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, samkvæmt nýrri könnun sem Capacent gerði fyrir utanríkisráðuneytið. Um þriðjungur er andvígur því.

Stuðningurinn hefur vaxið frá því árið 2005, en þá voru 28 prósent landsmanna hlynntir framboðinu og rúmur helmingur andvígur því.

Í vikunni hefst fundaherferð sem ráðuneytið stendur fyrir í samvinnu við alla háskóla landsins þar sem alþjóðamál og framboðið til Öryggisráðsins verður kynnt.

- sh

GT-verktakar og Hunnebeck: Stöðvi vinnu fyrirtækjanna

VINNUMARKAÐUR Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður starfsmanna á Kárahnjúkasvæðinu, vill að Vinnumálastofnun stöðvi starfsemi verktakafyrirtækjanna GT-verktaka og Hunnebeck. Fyrirtækin eru undirverktakar Arnarfells við Hraunaveitu Kárahnjúkavirkjunar. Ekki liggur ljóst fyrir hvort fyrirtækin hafa greitt starfsmönnum sínum laun samkvæmt kjarasamningum.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að ekki sé ljóst hvort stofnunin muni grípa til aðgerða gegn fyrirtækjunum. Gissur segir að Vinnumálastofnun rannsaki hvort fyrirtækin hafi brotið kjarasamninga og að hugsanlega verði starfsemi þeirra stöðvuð ef svo er.

- ifv

DÓMSMÁL


Fullur á stolnum bíl

Karlmaður á fertugsaldri hefur verið ákærður fyrir að hafa stolið bifreið og ekið henni á ólöglegum hraða, undir áhrifum áfengis, frá Garðabæ og þaðan út á Reykjanes. Hann stöðvaði bifreiðina eftir að hafa mælst á 112 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 90.

SVISS

Flugumferðarstjórar dæmdir

Dómstóll í Bülach í Sviss sakfelldi í gær fjóra starfsmenn flugumferðarstjórnunarfyrirtækisins Skyguide fyrir manndráp af gáleysi vegna áreksturs tveggja flugvéla fyrir fimm árum við suður-þýska bæinn Überlingen, sem kostaði 71 mann lífið. Þrír hinna dæmdu fengu skilorðsbundið fangelsi en sá fjórði sekt.



Lögreglumenn hlutfallslega færri en 1990

Almennum lögreglumönnum á vakt virðist ekki hafa fjölgað í takt við fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfallslegur fjöldi hefur staðið í stað sé tekið tillit til breytinga á sérsvait og starfsmanna fjarskiptamiðstöðvar segir lögreglustjóri.

LÖGREGLUMÁL Lögreglumönnum sem standa vaktina á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað í svipuðu hlutfalli við fjölda íbúa á síðasta einum og hálfum áratug.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra eru 565 íbúar fyrir hvern lögreglumann á höfuðborgarsvæðinu nú, en voru 476 árið 1990.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, varar við því að of mikið sé lesið í þessar tölur, og bendir á að bæði starfsmenn fjarskiptadeildar og sérsvaitarmenn hafi færst frá lögreglunni í Reykjavík til Ríkislögreglustjóra. Þeir sinni einkum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu og réttara væri að telja þá með.

Árið 1990 voru 476 íbúar fyrir hvern lögreglumann á höfuðborgarsvæðinu, hjá embættum lögreglu í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði. Fimm árum síðar hafði íbúum fjölgað en lögreglumönnum ekki í hlutfalli við það, og voru þá 509 íbúar fyrir hvern lögreglumann.

Árið 2001 voru 526 íbúar á hvern lögreglumann, en rétt er að geta þess að árið 2000 fluttust 14 stöðugildi í fjarskiptamiðstöð lögreglunnar í Reykjavík til Ríkislögreglustjóra.

Árið 2003 færðust 16 sérsvaitarmenn til Ríkislögreglustjóra en lögreglan í Reykjavík fékk tíu stöðugildi til að bæta upp fyrir brotthvarfið. Árið 2006 voru



LÖGREGLUMENN Einn lögreglumaður var á hverja 476 íbúa á höfuðborgarsvæðinu árið 1990 en í ár er einn almennur lögreglumaður á hverja 565 íbúa. Séu sérsvaitarmenn og starfsmenn fjarskiptamiðstöðvar taldir með er hlutfallið svipað og 1990, einn lögreglumaður á hverja 477 íbúa.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

544 íbúar fyrir hvern lögreglumann, og í byrjun árs 2007 voru þeir orðnir 565.

Stefán Eiríksson bendir á að í dag séu um 340 lögreglumenn starfandi hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Til þess að samanburður við fyrri ár sé sanngjarn þurfi að bæta við þann fjölda fjörutíu sérsvaitarmönnum og tuttugu starfsmönnum fjarskiptamiðstöðvar. Sé það gert er hlutfallið svipað og árið 1990, 477 íbúar á lögreglumann.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra eru að jafnaði um tíu stöðugildi sérsvaitarmanna á vöktum á höfuðborgarsvæðinu. Þegar ekki sé þörf á mannskap í þjálfun og önnur verkefni, svo sem öryggisgæslu vegna komu erlendra þjóðhöfðingja, séu fleiri sérsvaitarmenn í almennum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu.

brjann@frettabladid.is

SKEMMTILEG NÁMSKEIÐ



Erum að taka á móti umsóknum á eftirfarandi námskeið:

- * Gítarnámskeið
- * Trommunámskeið
- * Rafbassanámskeið

Námskeiðin eru ætluð byrjendum á aldrinum 7-14 ára.

* **Partýgítarnámskeið**



Ætluð fullorðnum byrjendum í gítarleik.

Upplýsingar og innritun á www.tonsalir.is

Námskeið hefjast um miðjan september

Tónsalir er rybmískur tónlistarskóli þar sem leitast er við að viðhalda gleðinni í hljóðfæranáminu

Tónsalir

Bæjarlind 2 sími 534-3700 www.tonsalir.is

HÖRKUTÓL | EÐALVAGN



Hvort sem það er á hrjúfum malarvegum eða á malbiki innanbæjar þá skilar Mitsubishi Pajero þér hámarksupplifun og þægindum. Öflug og hljódlát dísilvélina stenst hverja þraut en þú finnur nánast ekki fyrir átökunum inni í bílnum þar sem hljóðeinangrun hans og fjöðrun á sér fáa líka. Enda hefur Mitsubishi Pajero fengið frábæra dóma hjá fagmönnum um allan heim.

Komdu og reynsluaktu Mitsubishi Pajero. Þú kemst ekki hjá því að hrífast með.

Verð frá 4.990.000 kr.



VEISTU SVARIÐ?

1. Hvaða íslenski banki ákvað í vikunni að skrá hlutafé sitt í evrum í stað íslenskra króna?

2. Hvað heitir konan sem tekur við sem framkvæmdastjóri þingflokks Vinstri grænna í september?

3. Hvaða tungumál var byrjað að kenna aftur í Háskóla Íslands í vikunni eftir þriggja ára hlé?

SVÖR Á SÍÐU 34

BioPol og Háskólinn á Akureyri:
Skrifa undir samstarf á sviði sjávarlíftækni

VÍSINDI Háskólinn á Akureyri mun í dag skrifa undir samstarfssamning við BioPol ehf., nýtt sjávarlíftækni- og markaðssetningu á afurðum líftækni úr sjávarlífverum. Að því er fram kemur í fréttatilkynningu mun kjarnastarfsemi BioPol byggjast á rannsóknum á lífríki Húnaflóa, líftæknirannsóknum, nýsköpun og markaðssetningu á afurðum líftækni úr sjávarlífverum. Þá mun sjávarlíftækni- og annast háskólakennslu og varðveislu lífsýna. Sveitarfélagið Skagafjörður er eigandi setursins en ætlunin er að fjölga hluthöfnum.

8FRÉTTABLAÐIÐ5. september 2007MIÐVIKUDAGUR

Íbúasamtök Laugardals deila á breytingu á deiliskipulagi við Holtaveg:

Mótmæla byggingu húss fyrir geðfatlaða

SKIPULAGSMÁL Íbúasamtök Laugardals mótmæla því að Skipulagsráð Reykjavíkur borgar ætli að breyta deiliskipulagi í dalnum og heimila byggingu sambýlis með sex íbúðum fyrir geðfatlaða á lóð við Holtaveg 29b.

Ráðgert er að byggja á húsið á lóð á milli Skólagarðanna í Laugardal og heimilis fyrir fjölfötluð börn við Holtaveg. Húsið á að vera fjögur hundruð fermetrar að grunnfleti og á tveimur hæðum.

Kristín Þorleifsdóttir, talsmaður samtakanna, segir að meðlimir þeirra mótmæli því að byggt verði á grænu svæði í Laugardalnum. „Það er svo lítið eftir af slíkum svæðum í dalnum. Okkur telst til að einungis tíu til fimmtán prósent af dalnum séu eftir sem

svæði sem ætluð eru til almenningsnota. Við viljum ekki fleiri byggingar í Laugardalinn því ef hann á að vera okkar Central Park þá þarf að hlífa þessum svæðum,“ segir Kristín. Á annað hundrað athugasemdir bárust Skipulagsráði Reykjavíkur borgar vegna breytingarinnar á deiliskipulaginu. Frestur til að skila athugasemdum rann út 30. ágúst. Breytingin á deiliskipulaginu verður tekin til afgreiðslu á fundi Skipulagsráðs Reykjavíkur borgar í dag.

KRISTÍN ÞORLEIFSDÓTTIR Sú í miðjunni, segir að íbúasamtök Laugardals vilji ekki fleiri byggingar í Laugardalinn því lítið sé eftir af grænum svæðum í dalnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Leyniþjónusta dönsku lögreglunnar handtók átta grunaða hryðjuverkamenn í Kaupmannahöfn:

Komið í veg fyrir hryðjuverk í Danmörku

KAUPMANNAHÖFN, AP Leyniþjónusta dönsku lögreglunnar handtók snemma í gærmorgun átta menn sem grunaðir eru um að hafa ætlað sér að fremja hryðjuverk. „Við höfum komið í veg fyrir hryðjuverk,“ segir Jakob Scharf, yfirmaður PET, leyniþjónustu dönsku lögreglunnar. Hann segir mennina hafa legið undir grun í nokkurn tíma. Þeir eru „her-skáir íslamistar með tengsl við forystumenn í al-Kaída. Að okkar mati eru þarna bein tengsl við al-Kaída,“ sagði Scharf.

Mennirnir eru á aldrinum 19 til 29 ára. Sex þeirra eru danskir ríkisborgarar en hinir tveir eru útlendingar. Lögreglan gerði húsleit á ellefu stöðum í Kaupmannahöfn fyrir dögum í gærmorgun. Nágrannar, sem fréttamenn hafa talað við, lýsa hinum handteknu sem vinnugarnlegum nágrönnum, ósköp venjulegum. Þetta er í þriðja sinn frá árinu 2005 sem danska lögreglan hefur ráðist til atlögu gegn grunuðum hryðjuverkamönnum. Í dag hefst í Kaupmannahöfn réttarhöld yfir fjórum þeirra, sem handteknir voru í fyrri aðgerðum af því tagi. Einn maður, Abdul Basit Abu Lifa, hlaut sjö ára fangelsisdóm í febrúar síðastliðnum.

ÍBÚÐAGÖTU LOKAÐ Þarna var einn hinna meintu hryðjaverkamanna handtekinn í gær af lögreglunni í Kaupmannahöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

capacent

LEIÐTOGINN - SAMSKIPTAHÆFNI

NÝTT NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Árangur leiðtoga og stjórnenda byggist á því hversu vel þeim tekst að stuðla að því að aðrir bæti árangur sinn. Samskiptahæfni er því lykilhæfni árangursríkra leiðtoga og stjórnenda. Á þessari námslínu er boðið upp á krefjandi námskeið fyrir þá sem vilja auka árangur sinn í samskiptum við undirmenn, samstarfsmenn og viðskiptavini.

Námið skiptist í eftirfarandi hluta:

1. Árangursrík leiðtogahegðun.
2. Viðtalstækni.
3. Liðsheild.
4. Leiðbeinandi ráðgjöf og lóðsun.
5. Samningatækni.
6. Framkoma og tjáning.

Námið hefst 18. september. Hægt er skrá sig í námið í heild sinni eða ákveðna hluta. Heildarverð: 135.000 kr.

Hægt er að sækja um styrk hjá námssjóðum verkalýðs- og fagfélaga. Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

www.capacent.is

„Eiginleikar leiðtogans búa í okkur öllum og það má kalla þá fram með rétttri þjálfun.“

Magnús Árni Magnússon, partner hjá Capacent Ráðgjöf.



ALLT AÐ 100% LÁN!

INGVAR HELGASON

NOTAÐIR BÍLAR

HJÁLPAÐU OKKUR AÐ HREINSA TIL!
Viljum losna við fleiri bíla

FORD FOCUS



Ekinn 126 þús. Nýskr. 09/00
Verð ~~789.000~~ **Tilboð 430.000**

NISSAN X-TRAIL SPORT



Ekinn 21 þús. Nýskr. 12/05
Verð ~~2.589.000~~ **Tilboð 2.280.000**

HYUNDAI SANTA FE



Ekinn 52 þús. Nýskr. 04/04
Verð ~~2.199.000~~ **Tilboð 1.790.000**

SUZUKI JIMNY



Ekinn 8 þús. Nýskr. 06/05
Verð ~~1.480.000~~ **Tilboð 880.000**

600.000 kr. afsláttur

OPEL ZAFIRA COMFORT



Ekinn 116 þús. Nýskr. 02/00
Verð ~~889.000~~ **Verð 650.000**

CHEVROLET LACETTI



Ekinn 30 þús. Nýskr. 04/05
Verð ~~1.569.000~~ **Tilboð 1.190.000**

SKODA OCTAVIA



Ekinn 95 þús. Nýskr. 12/02
Verð ~~1.999.000~~ **Tilboð 1.900.000**

BÍLAR Á TILBOÐI				
OPEL CORSA COMFORT	Ekinn 60	Nýskr. 05/01	Verð 670.000	Tilboð 490.000
NISSAN 350Z	Ekinn 6	Nýskr. 05/05	Verð 3.980.000	Tilboð 3.490.000
OPEL COMBO	Ekinn 68	Nýskr. 10/03	Verð 980.000	Tilboð 690.000
RENAULT LAGUNA	Ekinn 61	Nýskr. 12/02	Verð 1.290.000	Tilboð 1.050.000
NISSAN PRIMERA ACENTA	Ekinn 67	Nýskr. 12/03	Verð 1.390.000	Tilboð 1.090.000
VOLKSWAGEN GOLF	Ekinn 105	Nýskr. 06/03	Verð 990.000	Tilboð 690.000
NISSAN PATROL ELEGANCE	Ekinn 28	Nýskr. 12/05	Verð 4.590.000	Tilboð 4.190.000
FORD FOCUS C-MAX	Ekinn 50	Nýskr. 01/04	Verð 1.290.000	Tilboð 990.000
FORD ESCAPE	Ekinn 45	Nýskr. 04/04	Verð 2.240.000	Tilboð 1.890.000
VOLKSWAGEN SHARAN	Ekinn 77	Nýskr. 09/02	Verð 1.390.000	Tilboð 970.000
SUBARU LEGACY WAGON	Ekinn 160	Nýskr. 07/98	Verð 590.000	Tilboð 380.000
NISSAN PATHFINDER	Ekinn 28	Nýskr. 02/06	Verð 3.760.000	Tilboð 3.390.000
MITSUBISHI L200	Ekinn 70	Nýskr. 10/04	Verð 2.260.000	Tilboð 1.890.000
OPEL ASTRA 1.8	Ekinn 26	Nýskr. 01/06	Verð 1.860.000	Tilboð 1.550.000
FORD ESCAPE	Ekinn 25	Nýskr. 09/05	Verð 2.980.000	Tilboð 2.590.000
RENAULT LAGUNA	Ekinn 106	Nýskr. 06/01	Verð 950.000	Tilboð 750.000
NISSAN PATROL ELEGANCE	Ekinn 25	Nýskr. 11/05	Verð 4.590.000	Tilboð 4.190.000
SUBARU FORESTER LUXURY	Ekinn 98	Nýskr. 03/04	Verð 1.780.000	Tilboð 1.550.000
VOLVO V50	Ekinn 9	Nýskr. 03/07	Verð 2.090.000	Tilboð 2.750.000

OPEL ASTRA 1.8



Ekinn 24 þús. Nýskr. 01/06
Verð ~~1.830.000~~ **Tilboð 1.490.000**

340.000 kr. afsláttur

HREINSUNARDAGAR!

Þessa dagana eru hreinsunardagar hjá Ingvari Helgasyni. Starfsmenn okkar ætla að hreinsa til í fyrirtækinu. Kíktu á okkur, hjálpaðu til við tiltektina og nældu þér í bíl á flottu verði.

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00

NOTAÐIR BÍLAR

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Reykjavík · Öseyri 5 Akureyri · Holtsgötu 52 Reykjanesbæ · Sími 525 8000 www.ih.is

Haustsprengja

miðvikudag, fimmtudag,
föstudag og laugardag.

20% afsláttur
af öllum vörum

VERIÐ

Verið Sængurfataverslun
Glæsibæ, s. 552-0978
www.damask.is



Síðustu sætin
í september!
– frábært tilboð

6. sept. - vika
13. sept. - vika
20. sept. - 8 dagar

Montreal

í Kanada

frá **29.990 kr.***

Heimsferðir bjóða frábært tilboðs-
verð á síðustu sætunum til Montreal
í september. Þetta er einstakt
tækifæri til að njóta lífsins í þessari
stórkostlega spennandi borg. Í
borginni mætast gamli og nýi tíminn,
rík sagan og iðandi nýbreytnin á
einstaklega skemmtilegan hátt. Það
er frábært að skoða sig um, versla
og njóta lífsins í Montreal; fallegar
byggingar, endalaust úrval verslana
og veitingastaða og mjög hagstætt
verðlag. Griptu tækifærið og smelltu
þér til Montreal og njóttu þess besta
sem þessi spennandi heimsborg
hefur að bjóða.



Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

Frábært verð

***Verð kr. 29.990**

Netverð á mann. Flugsæti báðar
leiðir með sköttum.

Verð kr. 49.990

Netverð á mann. Flug, skattar
og gisting í tvíbýli á Travelodge
Montreal *** m/morgunverði í
7 (8) nætur.

Verð kr. 59.990

Netverð á mann. Flug, skattar og
gisting í tvíbýli á Hotel Delta Centre
Ville **** í 7 (8) nætur.



HVÍSLAST Á Borgarfulltrúarnir Kjartan Magnússon og Gísli Marteinn Baldursson stinga saman nefjum á borgarstjórnarfundum í gær en Björn Ingi Hrafnsson fíktar við símann sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Enginn vildi vernda húsin við Laugaveg

Það var í tíð R-listans sem ákveðið var að rífa húsin við Laugaveg 4 og 6. Núverandi meirihluti kveðst aðeins vera að framfylgja ákvörðun fyrri meirihluta sem enginn gerði athugasemd við. Niðurrifið var til umræðu í borgarstjórn í gær.

BORGARMÁL Í umfjöllun um skipulag og uppbyggingu Laugavegar, sem hófst fyrir rúmum áratug, var aldrei lagt til að húsin við Laugaveg 4 og 6 yrðu friðuð eða varðveitt með öðrum hætti.

Fulltrúar meirihlutflokkanna í borgarstjórn Reykjavíkur röktu sögu málsins í umræðum um það á borgarstjórnarfundum í gær. Gátu þeir þess að ákvörðun um niðurrif húsa tveggja væri löngu tekin og biði aðeins staðfestingar.

Svandís Svavarsdóttir VG tók málið upp og sagði umræðuna ekki bara snúast um þessi tilteknu tvö, málið væri stærra og víðameira. Sagði hún að meðferð húsafríðunar hefði verið snúin á hvolf; sýna þyrfti fram á hvers vegna friða bæri hús en ekki hvers vegna rífa ætti hús. Við ofurefli væri að etja þar sem rífið væri í krafti fjármagns en verndunarbarátta væri háð í krafti hugsjóna. Hún sagði jafnframt að ekki skipti máli hver hefði ákveðið hvað hvenær, enn væri hægt að stöðva málið.

Hanna Birna Kristjánsdóttir Sjálfstæðisflokki sagði að í allri meðferð málsins innan borgarkerfisins hefði aldrei komið fram til laga um að húsin tvö yrðu friðuð.

LAUGAVEGUR 4 TIL 6 Húsin
sem verða rifin á næstunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



„Enginn lagði það til,“ sagði hún og bætti við að þvert á móti hefðu allir viljað að þau yrðu rifin.

Gísli Marteinn Baldursson Sjálfstæðisflokki sagði nauðsynlegt að skilja að umræðuna um hvort rífa ætti hús og hvað koma ætti í staðinn. Verkefni núverandi borgaryfirvalda væri að ákveða hvað ætti að reisa á lóðunum eftir að húsin hafa verið rifin að ákvörðun R-listans.

Dagur B. Eggertsson sagði stöðu miðborgarinnar aðra nú en var þegar skipulagsvinnan hófst fyrir

rúmum áratug og til þess þyrfti að taka tillit. Laugavegurinn og næsta nágrenni hafi verið í niðurníðslu og allar áætlanir hafi miðast við að færa svæðið aftur til vegs og virðingar. Gat hann þess jafnframt að borgarfulltrúar Samfylkingarinnar sætu hjá við afgreiðslu málsins en Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi flokksins hygðist greiða sér atkvæði. Borgarfulltrúar VG og F-listans lýstu sig andvíga niðurrifi en meirihlutfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks voru fylgjandi.

bjorn@frettabladid.is

Verslunarstjóri í bakaríið á Kleppsvegi

Bakaríið Jóí Fel óskar eftir verslunarstjóra á Kleppsveg.
Parf að geta hafið störf strax.

Starfssvið

Vaktaskipun, starfsmannaráðningar,
uppgjör, innkaup og allur daglegur
rekstur í bakaríinu.

Hæfniskröfur

Æskilegt að umsækjandi sé ekki yngri en
25 ára og hafi starfsreynslu úr bakaríi.

Vinsamlegast skilið inn umsóknum á joifel@joifel.is eða hafið samband
við Lindu í síma **863 7579**.

Jóí
Fel



Kleppsvegi 152
sími 588 8998
Smáralind
sími 554 4544
www.joifel.is

Dæmdur nauðgari krefst rannsókna á sjálfum sér:

Rannsakað verði hvort höfuðhögg leiddi til heilaskaða

DÓMSMÁL Jón Pétursson, sem dæmdur var í fimm ára fangelsi fyrir nauðgun 19. júní síðastliðinn, krefst þess að það verði rannsakað betur hvort hann sé hugsanlega ósakhæfur vegna höfuðhöggs sem hann fékk á ferðalagi í Egyptalandi árið 1999.

Málflutningur vegna málsins fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Jón var dæmdur í fimm ára fangelsi 11. október í fyrra fyrir hrottalegt ofbeldi og nauðgun.

„Ég tel mig vera búinn að rökstyðja það vel, að það sé ekki hafið yfir vafa með öyggjandi hætti, að Jón Pétursson sé hugsanlega ósakhæfur,“ sagði Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Jóns, er hann lauk máli sínu í gær. Hann krafðist

þess að það færi fram rannsókn á því hvort Jón væri með framheilskaða sem getur haft í för með sér persónuleikabreytingar. Vitnaði Sveinn Andri til álits John Donne de Nite, hollensks læknis, sem starfar á Litla-Hrauni og meðferðarheimilinu Sogni. Hann telur að kanna þurfi með „taugasálfræðilegu mati“ hvort fyrrnefndur skaði sé fyrir hendi eða ekki.

Ríkissaksóknari heldur því fram að ekki séu komin fram nein gögn sem sýni fram á það að ónægar rannsóknir hafi farið fram á því hvort Jón væri sakhæfur eða ekki. Bent var á það að Tómas Zoëga geðlæknir hefði rannsakað Jón á fyrri stigum og það hefði verið mat dómara að Jón væri sakhæfur.

- mh

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

AJ | **ARMANI**
JEANS

FINUCCI
collezione

Benvenuto.

LLOYD

REDGREEN

BELLINI
collezione

bugatti



Herra
lagerinn
outlet

**Jakkafata-
sprengja!**

**Öll jakkaföt
kr. 17.980**

VERÐ ÁÐUR ~~69.980~~ ~~64.980~~ ~~59.980~~ ~~54.980~~ ~~49.980~~ ~~46.980~~ ~~44.980~~ ~~39.980~~

50%

**afsláttur
af öllum öðrum
vörum**

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
OG LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17

OPIÐ

SUNNUDAGINN 11/3 FRÁ KL. 13 TIL 17

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)



KLÓSETT TÆKLAÐ Á VELLINUM Sjá mátti þetta „hlaupandi klósett“ á íþróttavelli í Denver í Bandaríkjunum í miðjum ruðningsleik. Uppátækið var á vegum vatnsveitu borgarinnar, sem vildi hvetja íbúa til þess að laga sírennsli í klósettum heima hjá sér, en á ensku er þá talað um „running toilet“.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrirverandi forseti Írans kosinn í lykilembætti:

Staða hófsamra styrkist

ÍRAN, AP Hashemi Rafsanjani, fyrirverandi forseti Írans, var í gær kosinn leiðtogi sérfræðingaráðs landsins, valdamikillar stofnunar sem hefur það hlutverk að velja æðsta leiðtoga landsins og hafa eftirlit með störfum hans.

Rafsanjani er 73 ára gamall og hefur lengi verið einn valdamesti maður Írans; var forseti landsins á árunum 1989 til 1997. Hann þykir þó töluvert hófsamari en bæði æðsti leiðtogi landsins, Ali Kham-eini erkiklerkur, og forsetinn Mahmoud Ahmadinejad.

Rafsanjani hlaut 41 atkvæði í ráðinu, sem er skipað 86 klerkum. Kosning Rafsanjanis þykir því

ákveðið áfall fyrir harðlínumenn í stjórn landsins. Stjórnmalaskýr-endur segja vaxandi spennu í landinu vegna versnandi efnahags og sífellt harðnandi átaka harðlínunnanna við Vesturlönd, einkum Bandaríkin.

Sérfræðingaráðið er valdamikil stofnun, en hefur þó ekki birt opinberlega í þrjá áratugi neitt um eftirlit sitt með forseta landsins. Rafsanjani sagði þó í gær að það gæti breyst. „Ef sérfræðingaráðið vill hafa meiri áhrif á landsmálin þá hefur það bæði trúarlegar og lagalegar forsendur til þess,“ hafði íranska ríkisfréttastofan IRNA eftir Rafsanjani.

- gb



KHAMEINI OG RAFSANJANI Tveir helstu fulltrúar harðlínunnanna og hófsamra meðal ráðamanna Írans ræðast þarna við á fundi sérfræðingaráðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

3M gluggafilmur fyrir skóla, sjúkrahús, skrifstofur, verslanir og aðra vinnustaði

Fagmenn frá RV sjá um uppsetningu

Glerfínar gluggafilmur

– aukin vellíðan á vinnustað

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarháli 2 • 110 Reykjavík

Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665

sala@rv.is • www.rv.is

Stjórnmal í Póllandi:

Stjórnarflokkur eykur fylgið

PÓLLAND, AP Samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðanakönnunar hefur hinn íhaldssinnaði Laga- og réttlætisflokkur Jaroslaws Kaczynski, forsætisráðherra Póllands, náð að vinna upp



JAROSLAW KACZYNSKI

fylgisforskot aðalstjórnarandstöðuflokksins, hins frjálsslynda Borgaravettvangs.

Samkvæmt könnun PBS-stofnunarinnar sem birt var í dagblaðinu Gazeta

Wyborcza fengi

Laga- og réttlætisflokkurinn 30 prósent atkvæða ef kosið væri nú, en Borgaravettvangur 26 prósent. Þetta er í fyrsta sinn síðan í janúar sem Borgaravettvangur mælist ekki með forskot á stjórnarflokkinn. Stefnt er að þingkosningum í Póllandi í haust.

- aa

LÖGREGLUFRETTIR

Innbrot í bíl um bjartan dag

Brotist var inn í bíl, sem lagt hafði verið í miðbæ Reykjavíkur, um klukkan fjögur í gær. Geisladiskum og öðrum verðmætum var stolið og leitar lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þjófanna.

Áfallatrygging í skoðun fyrir kjaraviðræður

Byrjað er að kynna hugmyndir um nýjar áfallatryggingar innan verkalýðshreyfingarinnar. Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinar, segir að útlínur séu „nokkuð jákvæðar“.

VINNUMARKAÐUR Hugmyndir um áfallatryggingar hafa verið kynntar í bakhópi innan Alþýðusambands Íslands. Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir að nú liggi til skoðunar mun skýrari útlínur og þær séu „nokkuð jákvæðar“.

„Við erum komin með grunn til frekari skoðunar. Margt bendir til að allt sé á leið til betri vegar. Lykilatriðið er að við erum ekki að fórna neinum kjarabótum fyrir þessa kerfisbreytingu en áfallatryggingar gætu haft í för með sér tilfærslur á fjármunum,“ segir Kristján.

Vinna við að koma saman viðræðuáætlun Samtaka atvinnulífsins, SA, og verkalýðshreyfingarinnar hefst á næstunni. „Við höfum hugsað okkur að setja hana í gang strax eftir mánaðamótin, annaðhvort í þessari eða næstu viku. Eftir það reyna menn að setja niður hvern hugmyndir manna og kröfur verða tilbúnar,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA.

Framgangur áfallatryggingamálsins er mjög stórt atriði í því hvernig staðið verður að samningaviðræðunum í haust. „Væntanlega munum við láta á það reyna hvort við komumst áfram í áfallatryggingamálinu. Ef það verður er mikil vinna framundan sem færi þá fram samhliða viðræðum um önnur atriði, til dæmis launin,“ segir hann.



VILHJÁLMMUR EGILSSON

KRISTJÁN GUNNARSSON

Lykilatriðið er að við erum ekki að fórna neinum kjarabótum fyrir þessa kerfisbreytingu en þetta gætu orðið tilfærslur á fjármunum.

KRISTJÁN GUNNARSSON FORMAÐUR STARFSGREINASAMBANDSINS.

Samningaviðræðurnar færu fram samhliða viðræðum um áfallatryggingasjóðinn og stefnt verður að því að ljúka viðræðunum á sama tíma.

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir að fjallað verði um kröfugerð Starfsgreinasambandsins á framkvæmdastjórnarfundum og formannafundi á næstu vikum en hún verði ekki birt atvinnurekendum fyrr en í fyrstu vikunni í nóvember. ghs@frettabladid.is

Til eflingar íslensku tónlistarflórunni verður fyrsta SÖNGVASKÁLDAKVÖLD

vetrarins í kvöld kl. 20:00 á



Þingholtsstræti 5, 101 Reykjavík



Gestsöngvaskáld kvöldsins er Júdasinn, Trúbrjóturinn og Óðmaðurinn Magnús Kjartansson frá Keflavík ásamt Hljómsveitinni THIN JIM og fjölda söngvaskálda.

Tækifæri til að viðra nýtt efni í “Opnu Hljóðkerfi DOMO”

Skráning á ftt@ftt.is

Að afloknum flutningi söngvaskálda verður efnt til “jam session”.

Til kl. 22:00. Þá hefst dagskrá Jazzklúbbsins MÚLANS. “Straight Ahead Quartet”

Jón Páll Bjarnason – gítar
Andrés Þór Gunnlaugsson – gítar
Þorgrímur Jónsson – bassi
Einar Valur Shceving – trommur

Bakhjarlar Söngvaskáldakvöldsins eru:



Aðgangur á fyrsta Söngvaskáldakvöldið er ókeypis og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Fyrsta lag kvöldsins verður í beinni útsendingu Kastljóss RUV.

TONVIS

Viðhorf erlendra ferðamanna sem dvöldu í Reykjavík:

Höfuðborgin fær háa einkunn

FERÐAMÁL Níutíu og fimm prósent erlendra ferðamanna sem heim-sækja Reykjavík segjast myndu mæla með borginni sem áfangastað við aðra. Níu af hverjum tíu telja reynslu sína af borginni frábæra eða góða, samkvæmt viðhorfskönnun sem gerð var meðal erlendra ferðamanna sem dvöldu í borginni síðastliðinn vetur.

Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamála-sviðs Reykjavíkur, segir jákvætt og uppörvandi að sjá niðurstöður könnunarinnar. „Það er einhver andi í Reykjavík sem er smitandi og fyllir fólk innblæstri. Við sjáum það ár eftir ár að ferðamenn fara héðan mjög ánægðir,“ segir hún.

Hæstu meðaleinkunnina fengu sund og heilsuþöð, en sjötíu prósent ferðalanga í Reykjavík stínga sér til sunds eða slappa af í heitum potti meðan á heimsókninni stendur. Aðeins þrettán prósent nýta sér þjónustu strættó.

Lægstu einkunnina fengu verslanir, og er hátt verðlag talið eiga þar stóran þátt. Merkingar, hvort sem eru fyrir gangandi eða akandi vegfarendur, komu einnig illa út. Svanhildur segir nauðsynlegt að bæta úr merkingarmálum í borginni með fleiri og betri skiltum.

Könnunin var gerð fyrir Höfuðborgarstofu af Rannsókn og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf. í Leifsstöð frá janúar til maí 2007.

- sps

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15 8.283 +0,08%		Fjöldi viðskipta: 436 Velta: 15.882 milljónir	
MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
GRANDI	11,11%	ÖSSUR	-2,34%
CENTURY ALUM.	+3,88%	365	-1,85%
ATORKA	+2,86%	FØROYA BANKI	-1,32%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,70 +2,86% ... Bakkavör 66,40 -0,15% ... Eimskipafélagið 41,00 -0,24% ... Exista 33,95 +0,00% ... FL Group 26,20 +0,77% ... Glitnir 28,45 +0,53% ... Icelandair 27,70 +0,73% ... Kaupþing 1.152 -0,09% ... Landsbankinn 41,90 +0,24% ... Straumur-Burðarás 20,35 -0,73% ... Össur 104,50 -2,34% ... Teymi 6,15 -0,16%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN [nánar á visir.is](#)

Methagnaður Sparisjóðs Vestfirðinga

Meiri hagnaður á fyrri hluta ársins en allt síðasta ár.

Sparisjóður Vestfirðinga var rekinn með 822 milljóna króna methagnaði á fyrri hluta ársins sem var 279 prósentu aukning á milli ára. Til samanburðar nam hagnaður sjóðsins á öllu síðasta ári 801 milljón króna. Arðsemi eiginfjár var 84 prósent. Árangur sjóðsins skýrist einkum af hækkun á hlutabréfaeign en Sparisjóður Vestfirðinga er hluthafi með beinum og óbeinum hætti í Existu sem hækkaði skarpt á fyrri hluta ársins. Hreinar rekstrartekjur sjóðsins námu 1.323 milljónum króna og

hækkuðu um 146 prósent en hins vegar drógust hreinar vaxtatekjur saman um tvö prósent og voru 102 milljónir króna. Eigið fé Sparisjóðs Vestfirðinga var komið í rúmlega 3,1 milljarð króna um mitt þetta ár og hafði hækkað um 34 prósent frá áramótum. Heildareignir voru 11,5 milljarðar og hækkuðu um þrettán prósent frá ársbyrjun. Fram kemur hjá forsvarsmönnum sparisjóðsins að sú lækkun sem varð á verðbréfaeign eftir að uppgjörstímabilinu lauk sé nú að mestu leyti gengin til baka. - epa

Mesta verðbólgan í Ungverjalandi

Verðbólga mældist 2,0 prósent á ársgrundvelli hjá aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofunar Evrópu (OECD) í júlí. Þetta er 0,2 prósentustigum lægra en í júní. Sætaskipti urðu á listanum yfir þau lönd þar sem verðbólga mælist mest. Tyrkland rak lestina lengstum en Ungverjaland hefur tekið toppsætið og flaggaði 8,4 prósentu verðbólgu í mánuðinum. Minnsta verðbólgan er líkt og fyrri daginn í Japan en þar var hún engin. Til samanburðar mældist 3,8 prósentu verðbólga hér á landi í júlí. Ísland hefur löngum verið ofarlega á lista yfir mestu verð-



FRÁ UNGVERJALANDI Verðbólga mældist mest í Ungverjalandi innan aðildarríkja OECD í júlí. Sjötta mesta verðbólgan er á Íslandi. bólgu innan OECD en núna vermir Ísland 6. sætið. - jab

Ánægjuleg afkoma

Stjórnendur Alfesca eru ánægðir með 22,4 milljóna evra hagnað fyrirtækisins á síðasta rekstrarári, sem lauk í lok júní. Þetta jafngildir tæpum tveimur milljörðum króna og er 87 prósentu aukning frá fyrra ári en þá nam hagnaðurinn tólf milljónum evra. Í uppgjöri fyrirtækisins kemur fram að rekstrarhagnaður nam fyrir skatta og fjármagnsliði (EBITDA) 53,9 milljónum evra en það er 23 prósentu aukning á milli ára. Þá nam salan 616,9 milljónum evra, sem er 11 prósentu aukning frá árinu á undan. Mestu munar í sölu á rækju, sem jókst um 33,4 prósent á árinu, þar af um 62,4 prósent á fjórða ársfjórðungi en það er að hluta vegna kaupafélagsins á franska skelfiskframleiðandanum Adrimex í febrúar. Þá var sala sömuleiðis góð á blinihveitikökum, smurréttum og nýjum vörulínum á laxi undir fyrirtækjahatti Alfesca. Xavier Govare, forstjóri Alfesca, sagði við kynningu á upp-



XAVIER GOVARE Forstjóri Alfesca er mjög ánægður með afkomu félagsins á síðasta rekstrarári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON gjörinu í gær að félagið sé ánægt með afkomuna. Endurfjármögnun félagsins hafi tekist vel auk þess sem samruna fyrirtækja sem Alfesca keypti á árinu sé að mestu lokið. Samruni við franska matvælafyrirtækið Le Traiteur Grec, sem framleiðir álegg úr grænmeti og Alfesca keypti seint í maí, stendur hins vegar enn yfir. Govare benti á að sala á laxi hafa verið góð í sumar og muni það koma fram í bókum félagsins á yfirstandandi rekstrarári. - jab



Septembertilboð 2007

Sértilboð til e-korthafa og e² Vildarkorthafa

VIKAn

- 1 mánuður frír!
- 20% afsláttur næstu 5 mánuði
- 6 mánaða binding í áskrift
- 5% föst endurgreiðsla
- 6 vikna líkamsræktarkort frá Iceland Spa & Fitness frítt!



Frábært áskriftartilboð

Birtingur útgáfufélag / Lynghálsi 5, 110 Reykjavík / sími 515 5500 / birtingur@birtingur.is

Nýjung frá Sirius sem slegið hefur í gegn í sumar. Steyptir olíulampar í þremur stærðum 10, 15 og 20 cm.



byggto**g**búið

30% afsláttur af Sirius Oliver olíulömpum
Föst endurgreiðsla 2%

Kringlunni 8-12 / sími 568 9400
Smáralind / sími 554 7760

Whirlpool AFG6392B 320 lítra frystikista

- Ljós í kistunni, á hjólum
- Með lás
- Orkunýting B
- Mál (hxbxd): 88,5x112x66



Heimilistæki

Tilboð 39.995 kr.
(fullt verð 54.995 kr.)
Föst endurgreiðsla 2%

Reykjavík / Sætúni 8 / sími 569 1500
Akureyri / Glerárgötu 36 / sími 460 3380
Húsavík / Garðarsbraut 18A / sími 464 1600
Selfoss / Eyraarvegi 21 / sími 480 3700

Gleraugað

15% afsláttur af gleraugum
Föst endurgreiðsla 10%

Bláu húsunum við Faxafen
Suðurlandsbraut 50 / 108 Reykjavík
sími 568 1800 / www.gleraugað.is

Select

150 kr. Foccacia m/pepperoni
Föst endurgreiðsla 1,5%

Select / 6 Select stöðvar á höfuðborgarsvæðinu
sími 444 3000 / www.skeljungur.is

Kjöll og hvítt

15% afsláttur af skyrtuhreinsun
Föst endurgreiðsla 10%

Kringlunni 8 / sími 568 8144
Eiðistorgi 15 / sími 561 1216

HESTAR MENN

10% afsláttur af öllum fatnaði.
Föst endurgreiðsla 5%

Ögurharfi 1 / 203 Kópavogi
sími 567 3300 / hestarogmenn.is

ALDO

10% endurgreiðsla í september

Kringlunni 8 / sími 553 4020

Korthafar fá 0,5% endurgreiðslu af allri innlendrai veltu auk endurgreiðslu frá samstarfsfyrirtækjum.



„ORÐRÉTT“

Hann var að minnsta kosti ekki á perunni.

„Bjarni Harðarson hefur náttúrulega verið í Perú og misst af þessari umræðu allri.“

GUNNAR SVAVARSSON, FORMADUR FJÁRLAGANEFNDAR ALPINGIS, UM GRÍMSEYJARFERJUMÁLID.

Fréttablaðið 4. september.

Er annað bara gjör-samlega ómögulegt?

„Það er ekki hægt annað en að taka þessum hugmyndum sem spori í átt til einkavæðingar.“

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR, BORGARFULLTRÚI VG, UM HLUTAFÉLAGA-VÆÐINGU ORKUVEITUNNAR.

Fréttablaðið 4. september.

tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL

HLUTAFÉLAGAVÆÐING OR

Góð hugmynd

„Mér líst vel á að Orkuveita Reykjavíkur verði gerð að hlutafélagi. Hlutafélög eru yfirleitt betur rekin en almannafélög. Þá hafa borgararnir líka kannski betri aðgang að fyrirtækinu,“ segir Stefán Máni rithöfundur um hugmyndir stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um breytt rekstrarfyrirkomulag fyrirtækisins. „Það er hins vegar spurning hvernig gengið verður frá þessari hlutafélagavæðingu. Fyrirtækið þarf ekki að vera ríkisbákn þótt borgararnir eigi það áfram. Borgararnir, sem eru eigendur Orkuveitunnar, eiga líka að hafa rétt til að tjá sig um fyrirtækið.“



STEFÁN MÁNI
Rithöfundur

Ásgeir Jónsson fjallgöngu- maður stendur í stórræðum næstu vikurnar. Hann ætla að klífa Kilimanjaro í Tansaníu í september og verða svo fyrstur Íslendinga til að ganga á Carstensz Pyramid í Nýju-Gíneu í byrjun október. Þessi fjöll eru áfangar í þeirri fyrirætlan Ásgeirs að klífa hæstu tindana í heimsálfunum sjö.

„Kilimanjaro er líklega auðveldasta fjallið því það eina sem maður þarf að passa er að fara nógu rólega svo að maður fái ekki háfjallaveiki. Lykilatriðið er að slaka á og fara rólega. Samt er Kilimanjaro 6.000 metrar á hæð

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA: DAGNÝ JÓNSDÓTTIR, FYRRVERANDI ALPINGISMAÐUR

Sest á skólabeck og á von á barni

Dagný Jónsdóttir hætti á þingi í vor og er sest aftur á skólabeck. Hún var úti að aka, í bókstaflegum skilningi, þegar Fréttablaðið truflaði hana, á leið í sinn fyrsta tíma í Háskóla Íslands. „Ég ætla loksins að klára námið,“ segir Dagný eftir að hafa sett upp handfrjálsa búnaðinn. „Ég á lokaspretti eftir af B.A.-prófi í íslensku og stefni á að klára það fyrir áramót.“

Dagný verður væntanlega ekki fyrr búin með prófin þegar vatnaskil verða í lífi hennar því hún er með barni og á von á sér um jólin. „Það verður nóg að gera í því hlutverki. Ég er því ekki búin að plana neitt annað en að klára prófin fyrir jól og koma krílinu í heiminn.“

Dagný segir að lífið eftir



þingmennskuna sé ágætt. „Það reynir kannski fyrst á það í haust þegar fjörið hefst. Auðvitað saknar maður þess líka en ég er ekki dottin út úr starfinu og er í góðu sambandi við Framsóknarflokkinn. Það er aldrei að vita hvað maður tekur sér fyrir hendur í framtíðinni,“ segir Dagný og útilokar ekki endurkomu í pólitíkina síðar meir. „Á þessum tímapunkti vildi ég hins vegar klára námið og mennta mig meira og fannst það ekki rúmast samhliða þingmennskunni.“


Áður en hún fór á þing var Dagný í forystu Stúdentaráðs Háskóla Íslands fyrir hönd Röskvu. Hún býst þó við að láta stúdentapólitíkina eiga sig í vetur. „Ég læt öðrum það eftir. Ég á auðvitað eftir að kjósa og það þarf ekki að spyrja hver fær mitt atkvæði. Maður stendur auðvitað með sínu fólki.“

UPPFINNINGAR: KÖNGULÓARSTIGI FYRIR ÖLL BAÐKER

■ Það er misjafnt hversu annat mann-fólkinu er um minni verur jarðar. Banda- ríkjamaðurinn Doug- hney Edward Thomas Patrick er sannur köngulóavinur og hafði af því nokkrar áhyggjur að köngul- ær gætu dottið ofan í baðkór en kæmust svo ekki upp aftur. Til að koma í veg fyrir að köngulærnar myndu drukna næst þegar látið væri renna í baðkarið, hannaði hann því köngulóarstigann árið 1994, sem komið er fyrir á einni hlið karsins. Þegar köngulærnar detta ofan í þurfa þær bara að tritla aftur upp stigann.



Á hæstu tindna heimsálfanna sjö



eða þrisvar sinnum hærra en Hvannadalshnúkur,“ segir Ásgeir.

Í byrjun október stendur svo til að ganga á Carstensz Pyramid í Nýju-Gíneu og verður Ásgeir fyrstur Íslendinga til þess. „Ég flýg til Djakarta og þaðan til Biak- eyju og flýg svo tvisvar sinnum með þyrlu til að komast í upphafs- búðirnar. Fjallið er í einum af afskekktustu skógum veraldar þar sem eru mannætur og annað skemmtilegt,“ segir hann.

Ásgeir telur að Carstensz Pyramid sé erfiðasta fjallið af fjöllumum sjö, jafnvel erfiðara en Everest, þó að það sé ekki nema 4.800 metrar á hæð. Það sé nánast eingöngu klettur og klettaklifur sé tæknilega erfitt. Þá sé ekki hlaupið að því að fá leyfi til að ganga á Carstensz Pyramid og ævintýrið í heild sinni þar að auki gríðarlega dýrt,“ segir hann.

„Stjórnvöld vilja takmarka áganginn af því að þarna er svo frumstæður skógur. Það er líka

starfrækt risastór gullnáma ekki langt í burtu og það er talið að þar vinni bara börn. Stjórnvöld vilja því ekki hafa of mikinn ágang af vestrænum mönnum sem gætu fjallað um þetta í fjölmiðlum.“

Ásgeir hefur þegar klifið hæsta fjall Evrópu, Elbrus í Rússlandi. Hann stefnir að því að hafa klifið hæstu tindana sjö árið 2010 og lokið til viðbótar Ironman-keppni og þremur ofurmarðunum árið 2013. Hann er þegar búinn með einn tind og hefur tekið tvisvar þátt í Ironman-keppni auk þess sem hann hefur farið Laugaveginn tvisvar sem flokkast sem ofurmarðun. Auk þessa hefur hann tekið þátt í marðunhlaupum.

„Ég æfi eins og ég hef alltaf gert, syndi aðallega og hjóla núna og hvíli mig á hlaupum. Ég er í góðri þjálfun og þarf ekki betri þjálfun en ég er í til að takast á við þessu fjölli, ég þarf aðallega að halda fjallakunnáttunni við.“

ghs@frettabladid.is



TIL NÝJU-GÍNEU Í OKTÓBER „Fjallið er í einum af afskekktustu skógum veraldar,“ segir Ásgeir Jónsson fjallgöngumaður sem stefnir að því að verða fyrstur Íslendinga til að ganga á Carstensz Pyramid í Nýju-Gíneu í október.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Hlutafé Straums skráð í evrum

Stjórn Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. (“Straumur”) ákvað á fundi sínum þann 3. september 2007, samkvæmt heimild í 1. mgr. 4. gr. samþykktu félagsins og ákvörðun hluthafafundar þann 8. mars 2007, að hlutafé bankans skuli frá 20. september 2007 vera skráð í evrum í stað íslenskra króna. Síðasti dagur viðskipta með hluti í Straumi í íslenskum krónum verður 19. september nk. en frá 20. sama mánaðar munu viðskipti eiga sér stað í evrum.

Umreikningur hlutafjárins, sem fram fer lögum samkvæmt, leiðir til þess að hlutafé Straums verður 109.493.129 evrir í stað 10.359.144.971 króna. Hlutaféð mun skiptast í 1.094.931.294 hluti að fjárhæð 0,10 evrir (10 evrusent) hver í stað 10.359.144.971 hluta að nafnvirði 1 króna hver.

Hlutafjáreign hluthafa sem stendur ekki á heilli tölu eftir umbreytingu verður hækkuð að næstu heilu tölu og verða eigin hlutir Straums notaðir til þess. Samkvæmt því eignast hluthafi sem á 100.000 hluti að nafnvirði 1 króna hver fyrir umbreytingu 10.570 hluti að nafnvirði 0,10 evrir (10 evrusent) hver við umbreytingu (10.569,70 hækkuð í 10.570).

Umbreytingin raskar ekki eignarhlutföllum í bankanum og hefur ekki bein áhrif á verðmæti hlutafjáreignar hvers hluthafa fyrir sig. Það er hins vegar trú stjórnar Straums að breytingin auki eftirspurn eftir hlutum í bankanum og hafi til langs tíma jákvæð áhrif á verðmæti hans.

Straumur

Mikil dagskrá á ÍSMÓTi 2007 í Laugardalshöll á vegum Samtaka iðnaðarins:

Snyrtistofa Ágústu sigursæl

„Við erum alveg í skýjunum,“ segir Ágústa Kristjánsdóttir snyrtifræðingur. Snyrtistofa Ágústu vann þrjá titla á ÍSMÓTi 2007 sem var haldið í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal um síðustu helgi. ÍSMÓT er Íslandsmeistaramót hársnyrta, snyrtifræðinga, gullsmíða, klæðskera og ljósmyndara innan Samtaka iðnaðarins. Yfir 250 íslenskir og erlendir fagmenn tóku þátt og er þetta stærsta mót sem haldið hefur verið hér á landi. Stöðug dagskrá var á fjórum sviðum alla helgina.

Slípaðir og óslípaðir demantar og hundruð demantsskartgripa voru meðal sýningargripa á Ísmóti og er það í fyrsta sinn sem demantasýning opin almenningi er haldin hér á landi. Fyrirtækið Demantar.is sýndi demantana og var heildarverðmæti sýningargripanna hundruð milljóna króna.

- lbb

ÍSMÓT 2007:

Hársnyrtir ársins: Sigrún K. Ægis- dóttir

Hársnyrtistofa ársins: Unique hár og spa

Klæðskeri- og /eða kjólameistari ársins: Berglind Ómarsdóttir

Listsköpun í hári: Sigrún K. Ægis- dóttir

Ljósmynd ársins: Lárus Karl Ingason og Erling Ó. Aðalsteinsson

Skartgripur ársins, herra og dömu: Dýrfinna Torfadóttir gullsmíðameistari

Skartgripaverslun ársins: Carat- Haukur gullsmíður

Snyrtifræðingur ársins: Ágústa Kristjánsdóttir

Snyrtistofa ársins: Snyrtistofa Ágústu.

Tískuteymi ársins: Berglind Ómarsdóttir klæðskeri, Helga Rún Pálsdóttir klæðskeri, Magnús Þór Reynisson hársnyrtir, Berglind Alfreðsdóttir snyrtifræðingur, Helga Jónsdóttir gullsmíður, Ágústa Kr. Bjarnadóttir ljósmyndari

Tímavélin: Kolbrún Tinna Kvaran.



SNYRTISTOFA ÁGÚSTU Frá vinstri: Anna Sigríður Pétursdóttir, Gunnhildur Georgsdóttir, Ágústa Kristjánsdóttir, Hildur Hjálmarsdóttir og Halldóra Stefánsdóttir. Á myndina vantar Bryndís Brynjólfssdóttur og Ágústu Lindu Leifsdóttur.



Margar góðar
uppskriftir
fyrir lambakjöt
WWW.BONUS.IS

975.- 25%
AFSLÁTTUR
FERSKT LAMBALÆRI 1298 KR/KG.
25% AFSLÁTTUR 975 KR/KG.

**HAUST
SLÁTRUN
2007**



1189.-

FERSKUR LAMBAHRYGGUR 1398 KR/KG.
15% AFSLÁTTUR 1259 KR/KG.



629.-

FERSKUR LAMBABÓGUR 699 KR/KG.
10% AFSLÁTTUR 629 KR/KG.



2398.-

FERSKT LAMBAFILLET 2998
20% AFSLÁTTUR 2398 KR/KG.

20%
AFSLÁTTUR

498.-

BONUS
HÁKARLÁLÝSISPERLUR
130 STK 498 KR. BOXIÐ

498.-

BONUS B-VÍTAMÍN STERKT
60 STK 498 KR. BOXIÐ.

298.-

BONUS LÝSI 500 ML
298 KR. FL.

298.-

BONUS
KALKTÓFLUR
60 STK 398 KR BOXIÐ



698.-

BONUS LÝSISPERLUR
300 STK 359 KR.

698.-

BONUS OMEGA 3 LÝSISPERLUR
300 STK 698 KR.

298.-

BONUS C-VÍTAMÍN 500 MG
60 STK 298 KR. BOXIÐ


LÁGT VÖRUVERÐ ALLA DAGA

BONUS

AFGREIÐSLUTÍMI Í DAG: 12.00 til 18.30 HEIMSÍÐAN ER: www.bonus.is AÐALSÍMI BONUS: 588 8699

Svona erum við

>Reykingar kvenna á aldrinum 60-69 ára. Daglegar reykingar.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

EFTIRMÁL: UNGDÓMSHÚSIÐ Í KAUPMANNAHÖFN

Enn er beðið eftir nýju húsi

Hálft ár er liðið frá því lögreglan í Kaupmannahöfn rýmði og lét rífa Ungdóms húsið við Jagtvej 69 á Norðurbrú. Um helgina urðu enn á ný óeirðir í hverfinu í kjölfar þess að efnt var til mótmæla gegn rífi hússins.

Hvað varð um ungmennin?

Ungdóms húsið var rekið af ungu fólki sem stóð þar fyrir tónleikahaldi, veitingarekstri og ýmsu félagsstarfi. Þetta er um það bil 100 til 200 manna hópur sem nú berst fyrir því að fá annað hús í staðinn fyrir það sem var rífið. Síðasta hálfa árið hafa ungmennin efnt til mótmælafunda á hverjum einasta fimmtudegi til að minna á málstað sinn. Jafnframt hafa þau átt fjölmarga fundi með stjórnmalamönnum og hagsmunaaðilum til að fá lausn á málinu.

Hvað næst?

Vinstriflokkarnir SF og Einingarlistinn styðja ennþá kröfur um að nýtt hús fái stöðin fyrir það sem rífið var. Borgarstjórnarmeirihlutinn hefur þó ekki sýnt nokkurn áhuga á viðræðum um úrlausn mála. Ekki er að sjá að neitt sé að gerast sem bendir til þess að ungmennunum verði að ósk sinni. Borgaryfirvöld hafa frá upphafi krafist þess að hópurinn, sem ætlar að reka húsið, greiði borginni með einhverjum hætti fyrir afnot af nýju húsi. Ungmennin telja hins vegar að borgin eigi að útvega þeim húsið án endurgjalds, með sama hætti og fyrra húsið.

Hvað með ofbeldið?

Sá hópur, sem stóð að rekstri Ungdóms hússins, hefur fordæmt óeirðinar um síðustu



helgi og ofbeldið sem var beitt. Margir þeirra, sem tekið hafa þátt í mótmælaaðgerðunum, telja hins vegar engar líkur á því að nokkuð gerist ef eingöngu er beitt friðsamlegum aðferðum. „Við erum í þeirri stöðu að við vitum ekkert hvernig við fáum Ungdóms húsið frá sveitarfélaginu,” segir í yfirlýsingu á heimasíðu Ungdóms hússins, www.ungeren.dk. „Stjórnmalamennirnir segja að við fáum það ekki með ofbeldi. Það vitum við vel, en við fáum það greinilega ekki heldur með nokkru öðru móti.”

SPURT & SVARÐ

SÉRSEITIN Í MIÐBÆNUM UM HELGAR

Hert löggæsla

Sérsvait Ríkislögreglustjóra verður við löggæslustörf í miðborg Reykjavíkur að næsturlagi um helgar, frá og með næstu helgi. Jón Bjartmarz er yfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra.



JÓN BJARTMARZ
Yfirlögregluþjónn

Hverju vonist

Þið til að þessi aukna gæsla skili? Með þessu erum við að styrkja lögregluna á höfuðborgarsvæðinu með því að leggja henni til mannskap í miðborginni.

Hvers vegna hefur þetta ekki verið gert fyrr? Það hefur jafnan verið mikill fjöldi lögreglumanna á vakt í miðborginni. Núna erum við að beita öðru skipulagi.

Barnaverndarstofa gaf nýverið út skýrslu um stöðu barnaverndarmála á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Þar kemur fram að tilkynningum til barnaverndarnefnda hefur fjölgað um tæp 29 prósent á milli ára. Innan við helmingur þeirra mála sem koma til nefndanna eru könnuð frekar.

Alls bárust barnaverndarnefndum 2.227 tilkynningar um 1.802 börn í janúar, febrúar og mars á þessu ári, sem er um 29 prósent fleiri tilkynningar en á sama tíma á síðasta ári. Að sögn Braga Guðbrandssonar, forstjóra Barnaverndarstofu, er þessi fjölgun í



BARNAVERND Tilkynningar til barnaverndaryfirvalda hafa aukist um helming á fimm árum. Forstjóri Barnaverndarstofu segir það valda áhyggjum hve hlutfallslega fáar tilkynningar eru rannsakaðar nánar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

samræmi við þróun síðustu ára. „Það er alltaf árleg aukning og á síðustu fimm árum hefur málunum fjölgað að meðaltali um tíu prósent á ári.“

Verulegt álag á starfsfólki

Af málum þeirra 1.802 barna sem tilkynnt voru á tímabilinu var hafin rannsókn á 762 málum, eða í 42 prósentum tilvika. „Hlutfall þeirra mála sem fara til frekari rannsókna fer lækkandi og það er áhyggjuefni. Þá er sú hættu til staðar að við séum ekki að rannsaka öll þau mál sem skyldi,” segir Bragi. Hann segir að engin aukning hafi orðið á starfsmannafjölda hjá barnaverndarnefndum sveitarfélaganna og því sé sívaxandi álag á starfslíðið. Starfsmannastöðnunin haldist svo að verulegu leyti í hendur við fækkun rannsókna.


Hlutfall þeirra mála sem könnuð eru frekar er breytilegt milli landshluta. Aðeins fjórðungur tilkynninga eru kannaðar frekar af barnaverndaryfirvöldum í Reykjavík. Í nágrenni Reykjavíkur er hlutfallið 46 prósent og á landsbyggðinni eru 59 prósent allra tilkynninga skoðaðar nánar. Bragi segir ástandið vissulega misjafnt eftir sveitarfélögum enda séu barnaverndarnefndir 32 á öllu landinu. „Heildarmyndin er hins vegar alveg skýr.“

Áhættuhegðun algengasta orsök

Flestar tilkynningarnar bárust vegna áhættuhegðunar barna, eða rúm 52 prósent. Til áhættuhegðunar teljast afbrot, neysla á vímuefnum, ofbeldishegðun og erfiðleikar í skóla. 28,5 prósent tilkynninga voru vegna vanrækslu foreldra. Þar er algengust vanræksla varðandi umsjón og eftirlit með barni, en aðrir þættir eru líkamleg, tilfinningaleg og námsleg

ÁSTÆÐUR TILKYNNINGA

Tilkynningar til barnaverndarnefnda frá janúar til mars 2007



vanræksla. 18,5 prósent tilkynninga til barnaverndarnefnda voru vegna sálræns, líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis. Fæstar tilkynningar bárust vegna þess að líf eða heilsa ófædd barns væri talin í hættu, eða 0,4 prósent.

Lögreglan tilkynnir oftast

Eftir því sem tilkynningarnar verða fleiri þá verða þær stundum efnisminni, að sögn Braga. Þröskuldurinn fyrir tilkynningar hafi lækkað og fagfólk í skólakerfinu, heilbrigðiskerfinu og hjá lögreglu sé meðvitaðra um að tilkynna um grunsemdir sínar. Það er lögreglan sem tilkynnir barnaverndarmál í meira en helmingi tilvika. Skólayfirvöld tilkynna um tíu prósent þeirra og heilsugæslur eða sjúkrahús rúmlega sjö prósent. Meðal annarra sem tilkynna eru ættingjar, nágrennar og foreldrar barna. Aðeins níu tilkynningar á tímabilinu bárust frá börnunum sjálfum.

Öll sammála um öryggi barna

„Þetta lækkandi hlutfall rannsókna segir okkur að barnaverndarkerfið getur ekki brugðist við þessu ákalli um að rannsaka mál sem skyldi,” segir Bragi. „Það þýðir ekki að vera annars vegar

HVERJIR TILKYNNNA?

Tilkynnendur til barnaverndar

Tilkynnandi	Fjöldi
Barnið sjálft	9
Ættingjar	90
Foreldrar	151
Nágrennar	79
Lögregla	1.274
Skólayfirvöld	213
Leikskólar	36
Heilbrigðisyfirvöld	167
Félagsþjónusta	46
Önnur nefnd	32
Aðrir	130

með kerfi sem hvetur fólk til að tilkynna til barnaverndarnefnda þegar það hefur áhyggjur og vera svo með kerfi sem getur ekki sinnt því. Ég held að við séum öll sammála um að við eigum að leggja það sem hægt er í að tryggja öryggi barnanna, og það verður ekki gert nema með því að hlúa að þessari starfsemi.“



FRÉTTASKÝRING
ÞÓRUNN ELÍSAÐET BOGADÓTTIR
thorunn@frettabladid.is

Stórútsala á þrjónagarni og hannyrðavörum til 22. september

allt að

60% afsláttur



Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5
200 Kópavogur
www.skola.is

Sími 585 0500
Opið virka daga 9-18
og laugardaga 10-14

Ótrúlegt verð



Asus fartölva X51R-AP009A

- 15.4" TFT WXGA skjár (1280x800)
- Intel Celeron M 520 örgjörvi
- ATI MOBILITY™ RADEON® X1100 128MB skjákort
- 1024MB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heymartólstengi
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (b x h x d): 36,5x3,5x26,4
- Þyngd: 2,8kg

Verð aðeins
69.990 kr
6.691 kr
á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



Allt úrvalið fæst í Smáralind,
takmarkað úrval í öðrum
verslunum.



WD Western
Digital
Flakkari 120 GB
12.990 kr



Acer fartölva 5633WLMi-2G120

- 1.67GHz Intel Core 2 Duo T5500
- 2MB flytíminni
- 2GB Dual DDR2 533MHz 200pin, stækkanlegt í 4GB
- 120GB Ultra ATA100 hljóðlátur harðdiskur 5400RPM
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari sem einnig skrifar CD-RW
- 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite með 1280x800
- Intel GMA950 PCI Express með allt að 224MB minni
- High Definition hljóðkerfi með Acer 3DSonic hátölurum og hljóðnema
- Snertinæm mýsarstýring með 4-átta skruni
- Innbyggð 10/100 netkort og 56K mótað
- Innbyggð þráðlaust 54Mbps 802.11abg netkort með loftneti í skjá
- Windows Vista Home Premium
- Þyngd aðeins 2.7Kg
- Stærð í cm (b x h x d): 35,8x3,6x27,1
- 4xUSB 2.0, VGA, Mic,

Verð aðeins
94.990 kr
8.972 kr
á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



Asus fartölva F5R-AP138C

- 15.4" TFT WXGA skjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T 2130 örgjörvi
- ATI MOBILITY™ RADEON® X1100 128MB skjákort
- 1024MB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Azaila samhæft hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heymartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (b x h x d): 36,5x2,7x26,2
- Þyngd: 2,65kg

Verð aðeins
89.990 kr
8.559 kr
á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



Asus fartölva F3SE-AS069C

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core 2 DUO T5450 örgjörvi
- ATI MOBILITY(tm) RADEON® X2500 896MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- BlueTooth
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0, Firewire, VGA og DVI út tengi
- Line in, Mic og heymartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (b x h x d): 36,5x3,5x26,4 og þyngd: 2,8kg

Verð aðeins
119.990 kr
11.363 kr
á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



Asus fartölva F5V-AP021C

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2450 örgjörvi
- ATI RADEON Express X2300 896MB skjákort
- 2GB DDRII 667MHz vinnsluminni
- 160GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0, Firewire, VGA og DVI út tengi
- Line in, Mic og heymartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja
- Lithium Ion 6 Cells rafhlaða sem endist í allt að 2,5 tíma
- 110-240V spennubreytir
- Stærð í cm (b x h x d): 35x3,5x26,2 og þyngd: 2,65kg

Verð aðeins
109.990 kr
10.437 kr
á mán. í 12 mánuði*
*upphæð miðast við meðalgreiðslu á mánuði



Gildir á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Að fara í kringum heitan graut:

Orkuveitan

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Þeir sem helst hafa kvatt sér hljóðs í umræðum um hlutafélagsvæðingu Orkuveitu Reykjavíkur hafa nálgast umræðuefnið eins og köttur sem fer í kringum heitan graut. Af einhverjum ástæðum er kjarnaatriðum málsins haldið utan við umræðusviðið.

Staðreynd er að fyrrverandi meirihluti í borgarstjórn Reykjavíkur hafði frumkvæði að því að slíta starfsemi Orkuveitunnar frá almennum opinberum stjórnsýslureglum og færa hana undir markaðsreglur. Starfsmenn hennar hættu að vera opinberir, stjórnsýslulögin voru aftengd svo og upplýsingalögin.

Þetta var gert með sérstökum lögum árið 2001. Þau nutu stuðnings allra flokka. Það er hvorki léttari leikur né þyngri að einka-væða fyrirtækið nú eða síðar hvort heldur það er sameignar-fyrirtæki sem lýtur markaðsreglum eða er hlutafélag. Deilan um hugsanlega einkavæðingu, sem allir segjast vera andvígir, sýnist því sviðsett til þess að draga athyglina frá þeim raunverulega skipulagsvanda sem við er að etja á þessu sviði.

Sá vandi snýst annars vegar um neytendahagsmuni og hins vegar um viðurkenndar samkeppnisreglur. Neytendahagsmunir eru hér í húfi bæði vegna ábyrgðar skattborgaranna og vegna verðmyndunar. Samkeppnishagsmunirnir eru í uppnámi með því að viðurkenndum reglum þar að lútandi hefur á þessu sviði verið vikið til hliðar. Hér fléttast saman víðtækir almannahagsmunir.

Starfsemi Orkuveitunnar er tvískipt. Önnur hliðin lýtur að almannaþjónustu með einokunarrekstri á hitaveitu og vatnsveitu. Hin snýr að samkeppnisrekstri með raforkusölu meðal annars til stóriðju og mjög áhugaverðum áhættuverkefnum erlendis.

Að formi til afléttir hlutafélagsformið ábyrgðum af herðum skattborgaranna. Svo er hins vegar ekki í reynd. Rati fyrirtækið í fjárhagserfiðleika sem rekja má til samkeppnisrekstrar neyðast fulltrúar skattborgaranna til að koma því til hjálpar fyrir þá sök að þeir eru ábyrgir fyrir því að almannaþjónustan raskist ekki.

Meðan almannaþjónustureksturinn sem er einokunarstarfsemi er ekki skilinn frá samkeppnisrekstrinum breytir hlutafélagsvæðingin því litlu sem engu um raunverulega ábyrgð skattborgaranna. Sú virka ábyrgð er og verður í fullu ósamræmi við þær leikreglur sem gilda eiga um samkeppnisreksturinn.

Aukheldur stenst ekki að fyrirtæki í samkeppnisrekstri geti notað einokunaraðstöðu vegna almannaþjónustu til þess að byggja upp fjárhagslegan styrk sem leiðir til mismununar á samkeppnismarkaðnum. Þó að þjónustuöryggi Orkuveitunnar sé gott hefur verðlagning á heitu vatni um langan tíma tekið mið af öðrum sjónarmiðum en neytendahagsmunum.

Í stefnumörkuninni að baki raforkulögnum sem samþykkt voru 2003 var gert ráð fyrir fyrirtækjaaðskilnaði á orkusviðinu til þess að tryggja almannahagsmuni og eðlilega samkeppni. Á Alþingi varð hins vegar ofan á að láta þau sjónarmið víkja fyrir valdahagsmunum þeirra sem þá báru ábyrgð á rekstri Orkuveitunnar. Það eina sem gerðist í þessu efni var að landsnetið var skilið frá Landsvirkjun.

Þegar Alþingi fær þetta mál nú til meðferðar að frumkvæði Orkuveitunnar gefst færi á að láta nútímasjónarmið um samkeppnisreglur og almannahagsmuni ráða för með fullum aðskilnaði milli einokunar og samkeppni. Forvitnilegt verður að sjá hvort iðnaðarráðherrann stenst þá prófraun.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



JAFNRÉTTISRÁÐ

Jafnréttisviðurkenning 2007

Jafnréttisráð lýsir eftir tilnefningum til jafnréttisviðurkenningar fyrir árið 2007.

Viðurkenningu geta hlotið einstaklingar, hópar, fyrirtæki eða félagasamtök, sem á einn eða annan hátt hafa skarað fram úr eða markað spor á sviði jafnréttismála. Tilgangurinn er að verðlauna fyrir vel unnin störf í þágu jafnréttis kvenna og karla og hvetja um leið til frekari dáða.

Tilnefningum skal skilað eigi síðar en 24. september n.k. til Jafnréttisráðs, Borgum, 600 Akureyri, í síma 460 6200, bréfsíma 460 6201 eða í tölvupósti jafnretti@jafnretti.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Lengi má böll bæta...

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra gerir á heimasíðu sinni tilraun til að snúa niður Birkir Jón Jónsson, þingmann Framsóknarflokksins. Birkir Jón vill leggja til rannsókn á fjárreiðum ríkisins í tilefni af klóðrinu í kringum Grímseyjarferjuna. Iðnaðarráðherrann minnir þingmanninn hins vegar á að það gæti haft afdrifaríkar afleiðingar. „Öruggt er að minnsta kosti að ég mun barna væntanlega rannsóknartillögu hans með því að leggja til að Birkir láti í sömu ferð rannsaka aðkomu hans sjálfs að Byrgismálinu... Auðvitað var hann á bólaðakafi í því máli öllu saman.“



Hrossakaupin á eyrinni

Það er ekkert annað. Birkir Jón fær sem sagt að vita að hreyfi hann við Grímseyjarferjumálinu fái hann Byrgismálið í bakið. Hér er ef til vill á ferð ein af birtingarmyndum hins opna þjóðfélags; áður var hótunum hviðlað í reykmettuðum bakherbergjum en nú er þeim slengt fram fyrir opnum tjöldum. Telji iðnaðarráðherra á annað borð að Birkir Jón hafi óhreint mjöl í pokahorninu í Byrgismálinu hlýtur hann að fara fram á að það verði upplýst og þingmaðurinn axli ábyrgð, í stað þess að eyða púðri í vafasamar hótanir.



Engar refjar

Í viðtali við breska blaðið The Observer um helgina ræddi Björgólfur Guðmundsson hvers vegna honum þótti ósanngjarnt að fyrra hjónaband eiginkonu sinnar og umdeilds manns hefði verið gert að aðalatriði bókár Guðmundar Magnússonar sagnfræðings um Thorsarana. Greint var frá því í fjölmiðlum á sínum tíma að alls hefðu tvær síður bókarinnar verið felldar úr endanlegu útgáfunni. Meginmál bókarinnar er næstum 360 blaðsíður og því ljóst að Guðmundur hefur verið kjarnmytur hafi honum tekist að koma „aðalatriðinu“ fyrir á aðeins tveimur síðum.

bergsteinn@frettabladid.is

Fylgifiskar uppsveiflu

Íslenskt samfélag er með þeim framsæknustu í heimi. Íslendingar eru þakklátir fyrir þau lífsgæði sem við búum að og eru tilbúnir að vinna vel og mikið til að halda sér í flokki þeirra bestu. Þrátt fyrir bjartsýni og dug sjáum við vísbendingar um að hjól efnahagslífsins snúist of hratt. Atvinnuleysi er mjög lágt; var 0,9% í júlí, og hefur ekki verið svo lítið síðan í október 2000. Flestir telja þetta jákvætt merki en í raun er þetta ábending um að á Íslandi sé gríðarlegur skortur á vinnuafli.

Um 175.000 manns voru á vinnumarkaði 2006 en 165.000 árið 2005. Fjölgunin er nánast öll bundin við höfuðborgarsvæðið og mætt með erlendu vinnuafli. Fjöldi erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði jókst mjög á sama tíma og er talið að þeir hafi að jafnaði verið yfir 13 þúsund í fyrra eða um 7-8% af vinnuafli landsins. Fjöldi útgefna atvinnuleyfa eykst enn og til viðbótar eru 1.800 manns skráðir á atvinnuleigum frá í febrúar 2007. Í könnun Vinnuálfstofnunar í desember sl. kom fram að skortur væri fyrir sjáanlegur hjá um 39% fyrirtækja á þessu ári, mest í sérhæfðum þjónustufyrirtækjum og meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni.

Sýnilegur skortur

Fullyrða má að flestir atvinnurekendur finni fyrir starfsmannaskorti. Brauð er ekki í boði í Nóatúni vegna manneklu hjá bakarunum. Lögreglan fær ekki starfsmenn. Pitsustaðir vara við lengri bið vegna manneklu. Bónus flytur inn starfsfólk. Áætlað er að um 500 hjúkrunarfræðinga vanti í heilbrigðisstofnanir á landinu og tuttugu þúsund Reykvíkingar eru án heimilislæknis. Banki telur sig þurfa að ráða í um tvö hundruð stöðugildi. Mannekla leikskóla



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Í DAG | Mannekla og þjónustuskortur

borgarinnar gerir það að verkum að rúmlega 300 pláss fyrir börn nýtast ekki og 1.300 börn bíða eftir lengdri viðveru. Skortur á vinnuafli snertir æ meira þá grunnþjónustu sem við krefjumst til að halda atvinnulífinu gangandi.

Ófáir afar og ömmur hjálpa börnum og barnabörnum við að púsla saman vikunni. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu standa ekki undir þeirri grunnþjónustu sem ætlast er til að þau veiti. Dæmi eru um að foreldrar tveggja barna fái ekki þjónustu leikskóla né frístundaheimilis vegna skorts á starfsfólki. Foreldrar hafa ekki orku til að vera raunverulegur þrýstihópur vegna álags.

Að óbreyttu er þessi vandi líklega kominn til að vera. Reykjavík og önnur sveitarfélög leggja sig öll fram við að ráða gott og hæft starfsfólk til að tryggja foreldrum þjónustu. Allar leiðir eru reyndar til að fá gott fólk til starfa á þessum gefandi vinnustöðum þar sem börn dvelja og nema. Eithvað gengur en skerðing þjónustu er staðreynd. Kjaramál eru að sjálfsögðu liður í að bæta stöðuna en kjörum starfsfólks er stýrt miðlægt þrátt fyrir að mun dýrara sé orðið að búa á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar, sem veldur því að erfiðara er að manna í stöður þar

en ella. Að hækka laun miðlægt til að bæta ástandið er aðeins skammtímalausn þar sem það veldur keðjuverkandi áhrifum.

Lausnir krefjast kerfisbreytinga

Framtíðarlausn hlýtur að fela í sér kerfisbreytingu á þjónustuumhverfi barna og foreldra. Sveitarfélög verða að fá aukinn sveigjanleika í kjaramálum kennara, hverfa frá jafnlaunastefnu og veita þarf aukinn sveigjanleika til samninga, t.d. út frá leigukostnaði og samgöngukostnaði. Þjónusta við foreldra þarf að fara í auknum mæli til sjálfstæðra skóla. Fyrst þá getur samningaumhverfi kennara og starfsmanna opnast og samkeppni er innleidd á jákvæðan máta. Kostir einkareksturs þarf að nýta betur til að tengja saman mikilvægi þessara starfa og kjaramhverfið. Miðstýrt kerfi hins opinbera keppir ekki til framtíðar í opnu markaðsumhverfi landsins. Atvinnurekendur verða að auki að huga að ábyrgð sinni, sérstaklega þegar svona mikið launaskrið á sér stað. Atvinnurekendur í öðrum löndum bjóða t.d. oft upp á þjónustu fyrir foreldra með góðum árangri því þeir vita að fyrr eða síðar bitnar þjónustuskortur við foreldra á atvinnurekendum og hagkerfinu í heild.

Sú staða sem nú er uppi skapar hringrás sem erfitt er að komast úr, hringrás sem hefst þegar vinnandi einstaklingur hættir störfum vegna þess að grunnþjónusta er ekki að fá. Vandamálið er mikilvægt og aðkallandi og líklega viðvarandi. Sveitarfélög eins og Reykjavíkurborg þarf að huga að lausnum til framtíðar. Til þess þarf samvinnu ólíkra aðila í samfélaginu – og rétta forgangs-röðun í þágu barna.

Höfundur er borgarfulltrúi.

Aumingja Samfylkingin

UMRÆÐAN

Samfylkingin

Fyrir kosningar hafði Samfylkingin uppi stór orð um allt sem hún ætlaði að gera ef hún bara kæmist í ríkisstjórn. Eftir kosningar varð ljóst að það eina sem hún hafði í raun á stefnuskrá sinni var að komast í ríkisstjórn.

Fyrir kosningar hafði ég töluverðar áhyggjur af því hvernig flokknum og formanni hans myndi farnast í ríkisstjórn og skrifaði þá: „Flokkur sem ætlar að leiða ríkisstjórn verður að vera trúverðugur. Hann verður að gera sér grein fyrir að ákvarðanir hans og skoðanir munu hafa áhrif á líf og lífsviðurværi fólks í landinu.“

Þau orð voru skrifuð í tilefni af skrípaleiknum í kringum Fagra Ísland, þar sem bleikið var varla þornað áður en þingmenn flokksins voru farnir að sverja plaggið af sér. Og enn á ný eiga þau ansi vel við þegar hundrað dagar eru liðnir af starfstíma Bausstjórnarinnar.

Stóriðjustopp, hvað er það?

Eftir að hafa tippexað yfir allt sem viðkom stóriðjustoppi, Evrópusambandi eða viljugum



EYGLÓ HARDARDÓTTIR

þjóðum tóku forystumenn flokksins til við að svarta orðspor einstaklings sem hafði það einna helst til saka unnið að hafa skilað inn ráðgjafarskýrslu um hugsanleg kaup á ferju.

Kristján Möller, samgönguráðherra og áður einn öflugasti gagnrýnandi Sturlu Böðvarssonar, taldi að þar væri kominn hinn fullkomni blóraböggull. Hann starfaði hvorki hjá ráðuneytinu né Vegagerðinni og var heldur ekki í þingflokki Sjálfstæðisflokksins.

Marflatur fyrir sjálfstæðismönnum

Nú síðast þeyttist Össur Skarphéðinsson fram á ritvöllinn eftir að hafa pagað þunnu hljóði um gagnrýni Sigurðar Kára Kristjánssonar á vatnalögin og Bygðastofnun. Eini tilgangur hans var að verja nýju vini sína, sjálfstæðismennina. Það er greinilegt að Össur hefur tileinkað sér smjörklípu-aðferð húsdraugsins í Seðlabankanum, en hann á greinilega eftir að læra að sjaldan launar sjálfstæðiskálfurinn ofeldi.

Einhvern veginn sá ég aldrei fyrir mér að Össur legðist marflatur fyrir Sjálfstæðisflokknum. En svo bregðast krosstré sem önnur tré.

Höfundur er varapingmaður Framsóknarflokksins.

Deals on wheels



www.carmax.is

Þýskar álkerrur



fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Huyn dai Getz eða sambærilegur

Vika á Spáni

frá 13.200

kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Bókaðu bílinn heima

- og fáðu 500 Vildarpunkta



522 44 00 • www.hertz.is



Ratan segist ætla að verða atvinnumaður í fótbolta þegar hann verður stór og þá langar hann líka að flytja til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Búinn að gefa eina áritun

Ratan Hallgrímsson er tíu ára íslenskur strákur sem býr í Svíþjóð. Hann leikur eitt aðalhlutverkanna í nýjum sænskum sjónvarpsþætti fyrir börn sem heitir Barda.

Barda-þættirnir eru tólf alls og í hverjum þætti eru nýir persónur. Ratan leikur annað aðalhlutverkanna í einum þáttanna en þeir verða sýndir nú í haust. „Barda er svona „role“-spil og maður á að slá út drauga og alls kyns svoleiðis. Ég leik skógarálf sem heitir Shian Aks í spilinu og vinkona mín heitir Ymi Shiff,“ segir Ratan.

Ratan hefur ekki leikið áður en þegar hann sá auglýst eftir krökkum til að vera með í þættinum var hann alveg ákveðinn í að sækja um. „Við fórum inn á síðu á netinu og sáuum að maður gat verið með í þessu og ég vildi það og fór í próf. Það voru eitthvað um eitt þús-

und manns að sækja um og ég var einn af þeim sem fengu að vera með.“

Ratan segir að það hafi verið mjög sérstakt að taka þátt í gerð sjónvarpsþáttar. „Við vorum þarna í tvo daga og þetta var svolítið erfitt en gaman. Vinkona mín sem ég var að vinna með var líka mjög skemmtileg.“

Nokkrir vinir Ratans vita að hann lék í þættinum þó að það sé ekki búið að sýna hann en Ratan segist ekki vera farinn að finna mikið fyrir frægðinni ennþá. „Ég veit ekki hvernig það verður þegar þátturinn byrjar en ég hef samt þurft að skrifa eina eiginhandaráritun,“ segir hann og brosir.

Ratan segir að það hafi verið mjög gaman að fá þetta tækifæri en hann er ekki viss um að hann vilji leggja leiklistina fyrir sig. „Mig langar að verða fótboltaspilari þegar ég verð stór því ég er að æfa fótbolta og kannski ætla ég að búa á Íslandi.“ emilia@frettabladid.is



FJÖLBRAUTASKÓLINN
VIÐ ÁRMÚLA

Fjar nám á haustönn

Skráning á haustönn fer fram dagana:
27. ágúst – 10. september

á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam



KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA

Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.

www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Sensitive
ungbarnalína

Hjartaknúsarinn **Brad Pitt** var ekki sáttur þegar óður kvenkyns aðdáandi ruddi sér leið framhjá öryggisvörðum hans og tók utan um hann. Atvikið varð á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum þar sem Pitt er að kynna nýjustu mynd sína The Assassination of Jesse James. „Þetta leit illa út. Þetta hefði getað verið hver sem er. Brad leit ekki út fyrir að vera ánægður,“ sagði einn sjónarvotta.

Leikarinn **Christopher Walken** hefur þann sið á kvikmyndatöku- stað að ljúga að öllum í kringum sig að hann eigi afmæli. Flestir í bransanum vita af þessu þakka- striki hans en ekki þeir sem unnu með honum að gerð gamanmynda- innar Balls of Fury. Fékk Walken risastóra afmælistertu frá með- leikurum sínum, sem hugsuðu honum þegiandi þörfina þegar þeir komust að hinu sanna í málinu.

George Clooney skammaði blaða- mann fyrir að heimta útskýringu á því hvers vegna hann ákvað að leika í nýjum kaffiauglýsingum fyrir Nestlé. „Ég ætla ekki biðjast afsökunar á því að ég reyni að hafa í mig og á. Þetta er mjög pirrandi spurn- ing,“ sagði Clooney, sem var að kynna nýjustu mynd sína, Michael Clayton.

Leikarinn **Richard Gere** vill að almenningur sniðgangi Ólympíu- leikana í Peking sem verða haldnir á næsta ári. Vill hann með því þrýsta á kínversk stjórnvöld um að veita Tíbet sjálfstæði. „Af hverju ætti heimsbyggðin að verðlauna fólk sem kemur svona illa fram við eigið fólk,“ sagði Gere. „Þeir verða að átta sig á því að kerfið sem þeir búa við gengur ekki til frambúðar. Þessi þykjustublanda af kommúnisma og kapítalisma á eftir að springa upp í loftið einn góðan veðurdag.“



KAUPÞINGS MÓTARÖÐIN 2007

19. - 20. maí	Garðavelli
02. - 03. júní	Korpúlfsstaðavelli
23. - 24. júní	Hólmsvelli í Leiru
26. - 29. júlí	Íslandsmót, Hvaleyrarvelli
25. - 26. ágúst	Íslandsmót í holukeppni, Urriðavelli
07. - 09. sept.	Vestmannaeyjavelli
22. - 23. sept.	Lokamót allra flokka, Grafarholti



Kaupþing er aðalsamstarfsaðili Gólfsambands Íslands



Vegna mikillar eftirspurnar á áskriftum að Stöð2, Sýn og Sýn2 óskum við eftir að ráða inn kurteist og þjónustulundað starfsfólk við móttöku sölu/þjónustusímtala.

Kvöld og helgarvinna í boði fyrir rétta fólkið.

Tekið er á móti umsóknum með upplýsingum um nafn, síma og fyrri störf í netfangið starfsumsokn@365.is

ÞETTA BORGAR SIG!



365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

> Brynjar og Helgi sögðu sig úr hópnum

Fyrirliði íslenska landsliðsins, Brynjar Björn Gunnarsson, og markahæsti leikmaður Landsbankadeildarinnar, Helgi Sigurðsson, drógu sig í gær út úr landsliðinu fyrir leikina við Spán og Norður-Írland vegna meiðsla sem þeir urðu fyrir með liðum sínum um síðustu helgi. Eyjólfur Sverrisson, landsliðsþjálfari, valdi 22 manna hóp fyrir leikina og velur ekki nýja menn í staðinn. Brynjar Björn hefur spilað 355 af 450 mínútum með Reading í fyrstu fjórum umferðum ensku úrvalsdeildarinnar. Hann hefur verið í lykilhlutverki á miðju íslenska landsliðsins í síðustu leikjum og brotthvarf hans er mikill missir fyrir liðið.

sport
sport@frettabladid.

PÁLL AXEL VILBERGSSON: SPILAR VEL MEÐ LANDSLIÐINU SEM MÆTIR AUSTURRÍKI Í HÖLLINNI Í KVÖLD

Mikill meðbyr í íslenska körfuboltanum

Íslenska körfuboltalandslíðið spilar í kvöld lokaleik sinn í b-deild Evrópukeppninnar þegar liðið fær Austurríki í heimsókn í Laugar-dalshöllina. Leikurinn hefst klukkan 19.15 og það lið sem vinnur hreppir þriðja sætið í riðlinum. Páll Axel Vilbergsson hefur leikið vel með liðinu í mörgum góðum sigurleikjum þess í ár. „Mér finnst við vera búnir að spila vel í þessum leikjum fyrir utan fyrri hálfleikinn á móti Lúxemborg sem var ekki góður,“ segir Páll Axel. Íslenska liðið hefur unnið tvo leiki í röð og fékk einnig gullið á Smáþjóðaleikunum í Mónakó í sumarbyrjun. „Liðið sem var á Smáþjóðaleikunum er ekki það sterkasta á pappírnum sem Ísland hefur átt en liðsheildin var mjög sterk. Það sem mér finnst best við þetta landslið er andinn í hópnum. Það er mikill léttleiki yfir öllu og það er gaman að vera í þessu liði. Það hjálpar mikið,“ segir Páll sem finnur sig vel. „Loksins er maður farinn að geta eitthvað árið 2007 eftir að hafa verið í landsliðinu frá árinu 1999,“ segir Páll Axel í léttum tón en hann hefur skorað 14,6 stig



að meðaltali í ár. „Ég hef fengið stærra hlutverk í ár þar sem marga menn hefur vantað,“ bætir Páll Axel en hann hefur tekið 23 fráköst í síðustu tveimur leikjum. „Ég hef ekkert breytt mínum leik, ég fer út á völinn og hef gaman af þessu og svo bara dettur þetta í hendurnar á mér. Maður er kannski orðinn svo reynslumikill að maður er farinn að staðsetja sig betur,“ segir Páll Axel. „Mér finnst eftirsóknarvert að vinna 8 af 9 leikjum í þessarri törn og er mjög spenntur fyrir því að taka eitt ár með þetta vinningshlutfall með landsliðinu. Það er líka annað sem mér finnst meira spennandi en að hefna fyrir einhvern leik í Austurríki og það er að fylgja eftir þessum frábæra sigri á Georgíumönnum,“ segir Páll Axel og bætir við: „Ef við náum að vinna þennan leik þá erum við búnir að ná upp góðum meðbyr með íslenskum körfubolta. Þetta byrjaði í úrslita-keppninni í fyrra sem mér fannst vera frábær. Öll stemningin í kringum úrslitakeppnina og svo náttúrulega árangur landsliðsins í ár sýnir að íslenski körfuboltinn er á réttri leið,“ sagði Páll Axel.



GUÐJÓN ÞÓRÐARSON Einn fjögurra þjálfara sem voru „klagaðir“ til aganefndar.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ: Pögul sem gröfin

FÓTBOLTI Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ kom saman á vikulegum fundi í gær og biðu margir spenntir eftir niðurstöðu í málefnum þjálfaranna fjögurra sem framkvæmdastjóri KSÍ vísaði til nefndarinnar. Í kjölfarið var beðið um greinargerðir frá félögunum vegna ummæla þjálfaranna sem voru ástæða þess að framkvæmdastjórinn skaut málinu áfram. Hvergi var minnst á málið í úrskurði nefndarinnar. „Við munum ekki gera neitt með þetta mál fyrr en á morgun [í dag],“ sagði Klara Bjartmars, starfsmaður nefndarinnar, við Fréttablaðið en hún þvertók annars fyrir að ræða málið á nokkurn hátt.

- hbg

Heiðar Helguson: Frá í sjö vikur

FÓTBOLTI Enska úrvalsdeildarliðið Bolton greindi frá því á heimasíðu sinni í gær að Heiðar Helguson hefði gengist undir aðgerð á ökkla og yrði af þeim sökum frá næstu sjö vikurnar. Heiðar hefur ekkert spilað síðan um miðjan ágústmánuð. Hann hefur skorað eitt mark á leiktíðinni, gegn sínum gömlu félögum í Fulham.

- esá

Boltinn hjá Fjölnismönnum

Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, segir að það sé undir Fjölnismönnum komið að fara fram á undanþágu frá samningi félaganna um lánsmenninna Atla Viðar Björnsson og Heimi Guðmundsson. Liðin mætast í úrslitum bikarkeppni karla.

FÓTBOLTI Um fátt annað var rætt í gær en stöðu þeirra Atla Viðars Björnssonar og Heimis Guðmundssonar. Þeir eru samningsbundnir FH en voru í vor lánaðir til Fjölnis, þar sem þeir hafa spilað í sumar. Nú er ljóst að þessi lið mætast í úrslitum bikarkeppni karla hinn 6. október næstkomandi. Í lánsamningi FH og Fjölnis kemur fram að leikmennirnir mega ekki spila með Fjölni á móti FH.

Báðir hafa þeir gegnt lykilhlutverki með Fjölni í 1. deildinni í sumar og þá skoraði Atli Viðar sigurmarkið gegn Fylki í undanúrslitaleik liðanna í fyrrakvöld. Fjölnir hefur einnig verið með Sigmund Pétur Ástþórsson að láni frá FH undanfarin þrjú ár. Ásmundur Arnarsson, þjálfari Fjölnis, taldi að ekkert ákvæði væri í samningi Sigmundar um að hann mætti ekki spila gegn FH.

„Ég veit ekki til þess að Fjölnir hafi farið fram á að þeir spili með liðinu í þessum leik,“ sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, um málið í gær. „Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem lánsmenn lenda í því að mæta sínu félagi. Ég man ekki eftir neinu tilviki í heiminum þar sem lánsmenn spila á móti sínu liði en þetta er ný og öðruvísi staða og auðvitað vilja allir taka þátt í jafn stórum leik og bikarúrslitunum. En boltinn er ekki hjá okkur, hann er hjá Fjölnismönnum.“

Bæði Ólafur og Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnu-deildar FH, segja að endanleg ákvörðun hafi ekki verið tekin í þessu máli.

„Við í FH höfum aldrei verið mjög formlegir. Við munum ræða þetta mál í rólegheitunum yfir kaffibolla. Þetta mál verður afgreitt fyrir helgi.“



ATLI VIÐAR BJÖRNSSON Hefur blómstrað með Fjölni í sumar og skaut liðinu í úrslit bikarsins. Atli Viðar vill spila úrslitaleikinn en ekki er ljóst hvort hann fær það.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ásmundur segir að málið sé í höndum FH. „Hvort þeir vilja sjá eitthvað í gegnum finger sér með þetta er þeirra mál.“

Spurður hvort Fjölnismenn muni óska eftir því að lánsmennirnir fái að spila í bikarúrslitunum sagði Ásmundur að félögin myndu ræða sín á milli. „Það hafa verið góð samskipti við FH hingað til. Við höldum því áfram og finnum farsæla lausn á málinu. En það er ekki spurning að þeir eru í rétti.“

Sjálfur sagði Atli Viðar að hann langaði til að spila í úrslitaleiknum. „Mig langar mjög mikið til að spila í bikarúrslitunum. En þetta

er samningsmál sem klúbbarnir verða að leysa sín á milli.“

Ef FH-ingar stæðu í vegi fyrir Atla Viðari sagðist hann ekki mundu erfa það. „Bæði ég og Fjölnir skrifuðum undir þessa skilmála og við verðum að standa og falla með því.“

Ólafur sagðist ekki óttast það að mæta lánsmönnunum á vellinum. „Ég hef aldrei hræðst neinn fót-boltamann,“ sagði hann í léttum dúr. „Það er ekki vandamálið. Þetta eru góðir drengir og það hefur ekkert með það að gera hvort ég óttist þá.“

eirikur@frettabladid.is



KATRÍN STERK Fyrirliði Vals skoraði eitt af mörkum Vals í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Landsbankadeild kvenna: Fylkir af botninum

FÓTBOLTI Tveir leikir fóru fram í Landsbankadeild kvenna í gærkvöld. Fylkir vann góðan heimasigur á ÍR, 4-1, og fór fyrir vikið úr botnsætinu í það sjöunda. ÍR situr aftur á móti í botnsætinu eftir tapið, jafnt að stigum við Þór/KA en með lakara markahlutfall.

Valsstúlkur lyftu sér aftur á móti aftur upp í toppsæti deildarinnar með stórsigri á Fjölni, 11-0, þar sem markadrottningin Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði fjögur mörk.

- hbg

ÚRSLIT

Landsbankadeild kvenna:

Fjölnir-Valur	0-11
Margrét Lára Viðarsdóttir 4, Rakel Logadóttir 3, Nina Ósk Kristinsdóttir 2, Katrín Jónsdóttir, Málfríður Erna Sigurðardóttir.	
Fylkir-ÍR	4-1
Hrafnhildur Helga Eiríksdóttir (3.), Rut Þórðardóttir (72., 81.) - Ásta Hulda Guðmundsdóttir (78.) - Daniela Veloso (30.).	

STADAN:

1. Valur	13	12	1	0	69:5	37
2. KR	13	12	1	0	59:13	37
3. Breiðablik	14	8	1	5	29:31	25
4. Keflavík	13	7	0	6	29:30	21
5. Stjarnan	14	5	3	6	22:28	18
6. Fjölnir	14	3	3	8	12:27	12
7. Fylkir	13	2	3	8	16:35	9
8. Þór/KA	13	2	1	10	10:40	7
9. ÍR	13	2	1	10	15:52	7



JOAQUIN Vanmetur ekki íslenska landsliðið. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Spánverjinn Joaquin: Ekkert gefins frá Íslandi

FÓTBOLTI Spænski kantmaðurinn Joaquin býst við erfiðum leik á Íslandi um helgina enda hafa Spánverjar ekki alltaf sótt gull í greipar íslenska liðsins á Laugardalsvelli og síðast í fyrra varð liðið að sætta sig við markalaust jafntefli gegn Íslandi. „Við gerum okkur vel grein fyrir því að íslenska liðið verður ekki auðvelt viðureignar,“ sagði Joaquin. „Við sáum á síðasta ári hversu vel Ísland getir bitið frá sér og við fáum ekkert gefins þar.“

- hbg

NÝRIVECOSTRALIS

Verður kynntur á Trukkadaginn 8 sept.n.k. sem haldinn verður hjá Aðalflugningum

Áreiðanleiki

Kraftur

Afköst

Fullkomnun, fágun og glæsileiki.

Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600

FRANK LAMPARD Úr leik og verður ekki með gegn Ísrael. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Meiðslavandræði hjá Englendingum: Lampard meiddur en Gerrard er á batavegi

FÓTBOLTI Frank Lampard getur ekki leikið með Englendingum gegn Ísrael á laugardag en helmingslíkur eru taldar á því að hann spili gegn Rússum á miðvikudag eftir viku. Lampard er meiddur á læri og verður ekki búinn að ná sér fyrir helgi.

Steven Gerrard er aftur á móti á batavegi með támeiðslin sín og fastlega er búist við því að hann leiki gegn Ísrael á Wembley. John Terry og Owen Hargreaves hafa einnig verið slappir en verða klárir um helgina.

- hbg

FordEscape AWD



Nýtt tákn um gæði

Kaffi og kleinur
frumsýning

Komdu í Brimborg í dag
Akureyri, Reykjavík



Ford Escape - nýtt tákn um félagslegan hreyfanleika

Komdu í Brimborg – prófaðu nýjan sportjeppa frá Ford

Með einbeitni og góðum vilja rætast allar óskir. Ný tákn verða til. Þú verður það sem þú vilt vera. Óhindrað hreyfir þú þig milli fólks. Vekur athygli. Skapar eftirtekt. Breyttu viðhorfi þínu til lífsins: nýr og endurhannaður Ford Escape uppfyllir ósk um meiri hreyfanleika. Glæsilegur í alla staði. Á hvaða stað sem er - í bænum meðal fólks eða uppá fjalli með fjölskyldunni. Komdu í Brimborg í dag. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Escape AWD, sportjeppann frá Ford. Nýtt tákn um lífsgæði.

Ford Escape AWD Genuine Design. Hönnun Ford Escape sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Escape merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseiginleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og vishæfan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Escape AWD.

Nýtt tákn um lífsgæði

FORD ESCAPE AWD
5 dyra, sjálfskiptur
Verð frá 3.350.000 kr.*


visthaef skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Spurðu um hvað
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar
þýðir fyrir þig


brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Escape Limited með krómpakka. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

> Zach Braff

„Það var mjög súrrealísk upplifun. Ég hafði lært handritið afturábak og áfram þegar Woody sagði: „Við ætlum ekki að segja það sem stendur á síðunum, reynið bara að halda ykkur við efnið“,“ sagði Zach um reynslu sína af Woody Allen en hann lék í mynd hans, Manhattan Murder Mystery, frá árinu 1993. Zach leikstýrði og lék aðalhlutverkið í Garden State sem sýnd er á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FYLGDIST MEÐ ÞJÁLFURUM Á HM Í FRJÁLSUM ÍPRÓTTUM

Í órafjarlægð frá keppendunum



ROMAN SEBRLE Roman Sebrle varð heimsmeistari í tugbraut með miklum glæsibrag. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Frjálsar íþróttir ná oftast en ekki að laða mann að sjónvarpinu og sú varð einmitt raunin þegar RÚV sýndi frá heimsmeistaramóti í frjálsum sem lauk um helgina.

Þeir sem keppa á slíku stórmóti hafa lagt gríðarlega mikið á sig til að keppa meðal þeirra bestu og þess vegna er alltaf jafn gaman að sjá einbeitinguna skína úr augum þeirra. Ekkert má út af bregða því eftir marga ára þjálfun skiptir öllu máli að toppa á nákvæmlega réttu augnabliki. Miðað við allt sem keppendurnir hafa lagt á sig er þó eitt sem virkar alltaf jafn undarlega á mann í svona stórmótum. Þjálfararnir, sem hafa staðið með skjólstæðingum sínum í gegnum súrt og sætt og barið þá áfram á óteljandi æfingum, þurfa alltaf að dýsa uppi í stúku þegar lokakeppninn, sem öllu máli skiptir, fer loksins fram.

Knattspyrnuþjálfarar sem fá rauða spjaldið þurfa að gjöra svo vel að horfa á næsta leik liðs síns uppi í stúku. Engin slík leikbönn eru aftur á móti fyrir hendi í frjálsu íþróttunum og því kemur þetta manni ansi spánskt fyrir sjónir. Eftir hvert kast eða hvert stökk keppenda hlaupa þeir að stúkunni og reyna að ná sambandi við þjálfara sinn til að vita hvað má betur fara. Virðist það vera hending ef skilaboðin frá þjálfaranum komast til skila, enda mikill hávaði í gangi allt í kring. Væri ekki frekar hægt að nota nýjustu fjarskiptatækni til að koma skilaboðunum á framfæri eða einfaldlega að leyfa þjálfurunum að vera hjá sínu fólki á meðan á átökunum stendur? Það myndi örugglega verða til þess að fleiri heimsmet væru sett, enda voru þau heldur betur af skornum skammti á þessu annars ágæta móti.

EKKI MISSA AF



► **21.35 Nýgræðingar** SJÓNVARPIÐ



► **20.50 Big Love** STÖÐ 2



► **20.00 Garden State** STÖÐ 2 BÍÓ



► **22.00 Justice** SIRKUS



► **20.00 Giada's Everyday Italian** SKJÁREINN



SJÓNVARPIÐ

- 17.05** Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Disneystundin
18.01 Liló og Stitch (30:31)
18.23 Sígildar teiknimyndir (8:13)
18.30 Suðandi stuð (2:3)
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Bráðavaktin (8:23) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi bama.
21.00 Mæðst í mörgu (3:6) Bresk gamanþáttaröð sem gerist meðal stjórnmálamanna í Westminster.
► **21.35** Nýgræðingar
22.00 Tíufréttir
22.25 Formúlukvöld Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn um helgina.
22.50 Landsleikur í körfubolta (2) Samantekt frá leik karlaíða Íslands og Austurríkis í B-deild Evrópumótsins í körfubolta sem fram fór í Laugardalshöll.
23.10 Börn í vændishúsum (Born into Brothels) Óskarsverðlaunamynd eftir Ross Kauffman og Zana Briski. Myndin fjallar um börn vændiskvenna í Kalkútta á Indlandi og baráttu þeirra á götunni. Zana Briski, ljósmyndari frá New York gefur börnunum myndavél og kennir þeim að líta heiminn öðrum augum.
00.35 Kastljós
01.10 Dagskrárlök



BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06:00** Garden State
08:00 In Her Shoes
12:00 Just Friends
14:00 In Her Shoes
18:00 Just Friends
► **20:00** Garden State Gráglettin og áhrifamikil verðlaunamynd með Zack Braff úr Scrubs og Natalie Portman í aðalhlutverkum. Andrew Largeman er leikari sem hefur alla tíð talið sig bera ábyrgð á því að mamma hans sé bundin við hjólastól. Þegar hún deyr ákveður hann að gera róttækar breytingar á lífi sínu. Aðalhlutverk: Zach Braff, George C. Wolfe, Kenneth Graymez.
22:00 Grosse Pointe Blank (e)
02:00 Control



- 07.00** Stubbarnir
07.25 Kalli á þakinu
07.50 Litlu Tommi og Jenni
08.10 Oprah
08.55 Í finu formi 2005
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love (13:120)
10.15 Homefront
11.00 Whose Line Is It Anyway?
11.25 Sjálfstætt fólk
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Það var lagið (e)
14.20 Extreme Makeover: Home Edition (12:32)
15.50 A.T.O.M.
16.13 Smá skrítnir foreldrar
16.33 Addi Panda
16.38 Pocoyo
16.48 Könnuðurinn Dóra
17.13 Gordon garðálfur
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður
19.40 The Simpsons (13:22) (e)
20.05 Oprah (Secrets Of My Big Success)

- **20.50** Big Love NÝTT (2:12) Það er nóg að gera hjá Bill vegna skemmdarverka og heimilsvandræða og ekki batnar það þegar hann gleymir einu brúðkaupsafmælanna.
21.45 The Mystery of Natalie Wood Seinni hluti framhaldsmyndar mánaðarins sem er átakanleg saga leikkonunnar Natalie Wood. 2004.
23.10 Stelpurnar (2:10) Stelpurnar sprenglæglegu eru snúnar aftur í þriðja sinn og hafa aldrei verið fyndnari. Nýir og skemmtilegir leikarar hafa slegist í hópinn þar á meðal hin frábæra Helga Braga. 2007.
23.35 Bones (15:21)
00.20 Dödlig Drift
02.05 The Closer (2:13)
02.50 Murder in Suburbia (1:6)
03.35 The Mystery of Natalie Wood
05.00 The Simpsons (13:22) (e)
05.25 Fréttir og Ísland í dag
06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTÍVi



besta sætið

- 18.15** Gillette World Sport 2007
18.45 David Beckham: New Beginnings Heimildarmynd um nýtt upphaf Davids Beckhams í Bandaríkjunum en sem kunnugt er fluttist hann til Los Angeles í sumar til þess að leika með LA Galaxy.
19.35 Heights of Passion (Erkifjendur) Frábær þáttaröð sem fjallar um viðureignir erkióvina í knattspyrnuheiminum. Í þessum þætti er tekið fyrir samband nágrannanna í Milanóborg, AC Milan og Inter Milan.
20.30 Champions of the World (Brazil) Frábærir þættir sem varpa einstöku ljósi á knattspyrnuhefðina í Suður-Ameríku. Í þessum þætti verða drengirnir frá Brasilíu teknir fyrir en engin þjóð hefur oftast sigrað á HM í knattspyrnu karla.
21.25 Kraftasport - 2007 (Hálandaleikarnir)
22.00 Einvígið á Nesinu Þátturinn um Einvígið á Nesinu sem er fastur liður í íslenska golfsumrinu.
22.50 Spænsku mörkin 2007-2008
23.35 Þýski handboltinn (Þýski handboltinn 2007-2008 - Highlights)



- 18.30** Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlöðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjómurarnir leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
19.00 Coca Cola-mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
19.30 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
20.30 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en byltin í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.
21.55 Leikur vikunar
23.35 Premier League 2007/2008 (Man. Ut. - Sunderland)



SKJÁREINN

- 07.35** Everybody Loves Raymond (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
16.25 Vörutorg
17.25 Sport Kids Moms & Dads (e)
18.15 Dr. Phil Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpssálfræðingurinn frá Texas heldur áfram að hjálpa fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja frábærar sögur og gefa góð ráð. Frábærir þættir sem létta manni lífið!
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 Family Guy (e)
► **20.00** Giada's Everyday Italian Skemmtileg matreiðsluþáttaröð þar sem þokkadísín Giada De Laurentiis matreiðir fljótlega, heilsusamlega og gómsæta rétti að hætti Ítala.
20.30 Andy Barker, P.I. (2:6) Bráðfyndin gamanseria með háðfuglinum Andy Richter í aðalhlutverki. Endurskoðandi flytur inn á skrifstofu sem áður var í eigu einkaspæjara og fyrir tilviljun fer hann að fá inn á borð til sín mál til rannsóknar sem ætluð voru einkaspæjaranum.
21.00 Blow Out III (5:7) Þriðja þáttaröðin með hárgreiðslumeistararnum Jonathan Antin sem fæst við hvert stórverkefnið af öðru með skærin í annarri hendi og hárláasarnn í hinn. Jonathan lætur gamla lærisveina sanna sig á ný og síðan fer hann í flotta myndatöku áður en hann heldur til Hawaii.
22.00 Starter Wife - NÝTT Glæný, bandarísk megasería í fimm þáttum sem tilnefnd er til fimm Emmy-verðlauna, m.a. sem besta þáttaröðin og Debra Messing, Joe Mantegna og Judy Davis fyrir frammistöðu sína í þáttunum.
23.50 Heartland (e)
00.40 Charmed (e)
01.30 Vörutorg



SJÓNVARP NORÐURLANDS

- 12:15** Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.



OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Í KVÖLD KL. 22.00
Á SKJÁEINUM



NÓATÚN

Egill Arnason hf

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.50

Big Love

Í þættinum Big Love fylgjumst við með Bill Henrickson og eiginkonum hans. Bill lifir margföldu lífi en hann á þrjár eiginkonur, þrjú heimili og sjö börn. Auk þess rekur hann eigið fyrirtæki sem þarfnast mikillar athygli. Í þætti kvöldsins er nóg að gera hjá Bill vegna skemmdarverka og heimilisvandræða og ekki batnar það þegar hann gleymir einu af brúðkaupsafmælum sínum.



► BÖRN Í VÆNDISHÚSUM

Sjónvarpið kl. 23.10

Óskarsverðlaunamynd eftir Ross Kauffman og Zana Briski. Myndin fjallar um börn vændiskvenna í Kalkútta á Indlandi og baráttu þeirra á götunni. Zana Briski, ljósmyndari frá New York, gefur börnunum mynda-vél og kennir þeim að líta heiminn öðrum augum. Ljósmyndir barnanna eru nú til sölu um allan heim, en ágóða sölunnar er varið í að mennta börnin á þessu svæði.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- | | | | |
|-------|-----------------------------|-------|--|
| 06.50 | Bæn | 17.03 | Víðsjá |
| 07.05 | Morgunvaktin | 18.00 | Kvöldfréttir |
| 09.05 | Laufskálinn | 18.24 | Auglýsingar |
| 09.45 | Morgunleikfimi | 18.25 | Spegillinn |
| 10.13 | Dragspilið dunar | 18.50 | Dánarfregnir og auglýsingar |
| 11.03 | Samfélagið í nærmynd | 19.00 | Laufskálinn |
| 12.00 | Fréttayfirlit | 19.40 | Sumarsaga barnanna: Litla húsið í Stóru-skógum |
| 12.03 | Hádegisútvarp | 20.10 | Heima er best |
| 12.20 | Hádegisfréttir | 21.00 | Út um græna grundu |
| 12.45 | Veðurfregnir | 21.55 | Orð kvöldsins |
| 12.50 | Dánarfregnir og auglýsingar | 22.15 | Kvöldsagan: Sagan af Tristan og Ísól |
| 13.00 | Vítt og breitt | 22.45 | Kvöldtónar |
| 14.03 | Útvarpssagan: Stofa sex | 23.10 | Bókmenntir og landafræði |
| 14.30 | Miðdegistónar | 00.10 | Útvarpað á samtengdum rásum til morguns |
| 15.03 | Byltingin kom með konu | | |
| 16.13 | Hlaupanótan | | |

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

4 SÍRKUS

18.30 Fréttir

19.00 Hollyoaks (7:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Sérían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.

19.30 Hollyoaks (8:260)

20.00 Gary the Rat Gary Andrews er far-sæll lögfræðingur sem af einhverri furðu-legri ástæði vaknar einn daginn sem rotta í mannsstærð. Fólk hefur ýmislegt að segja um hvers vegna og telja sumir breytinguna stafa af slæmu karma.

20.30 The Will Spennandi raunveruleika-þáttur þar sem ættingjar milljónamærings-ins Bills Long keppa um erfðaréttinn á stóru býli. 2005.

21.15 Filthy Rich Cattle Drive (8:8) Börn frægra einstaklinga eru hér saman-komin í raunveruleikaþætti þar sem þau reyna fyrir sér í nýjum hlutverkum sem eru ekki beint í þeirra lífsstíl

►22.00 Justice (3:13) Spennandi lög-fræðilþættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer (CSI). Gerast á eftirsóttir lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan það sem tengjast ríka og fræga fólkinu.

22.45 NCIS NÝTT (2:24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sársveit sem rannsakar alla glæpi er tengjast á einhvern hátt sjóliðum hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýlið-ana. 2006.

23.30 Skins (1:9) Átakanleg bresk þátta-röð um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átöskunar, eiturlyfja-neyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag. 2006.

00.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Down to Earth 13.00 Miss Marple 14.00 Garden Rivals 14.30 Bargain Hunt 15.15 Bargain Hunt 16.00 As Time Goes By 16.30 My Family 17.00 The Week the Women Went 17.30 Small Town Gardens 18.00 Silent Witness 19.00 Spooks 20.00 Swiss Toni 20.30 I'm Alan Partridge 21.00 Silent Witness 22.00 Dad's Army 22.30 Spooks 23.30 As Time Goes By 0.00 My Family 0.30 EastEnders 1.00 Silent Witness 2.00 Down to Earth 3.00 Cash in the Attic 3.30 Balamory 3.50 Tweenies 4.10 Big Cook Little Cook 4.30 Tikkabilla 5.00 Little Robots 5.10 Binka 5.15 Tweenies

DR 1

11.55 Ha' det godt 12.20 Det store år 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Flemmings Helte 14.15 SKUM TV 14.30 Pucca 14.35 That's So Raven 15.00 Junior 15.30 Klassen 2.b 15.45 Tagkammerater 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Hvad er det værd 18.00 Søren Ryge direkte 18.30 Med slør og høje hæle 19.00 TV Avisen 19.25 Penge 19.50 SportNyt 20.00 En sag for Frost 21.45 Onsdags Lotto 21.50 OBS 21.55 DR Jøbbussen 22.25 Landet som stalin tog 22.55 Flemmings Helte 4.30 Mira og Marie 4.35 Karlsson på taget 5.00 Charlie & Lola 5.15 Morten

NRK1

12.15 Presidenten 13.00 Baby Looney Tunes 13.25 Ikke naken 14.00 Gatefotball 14.30 Fabrikken 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Moderne avhengighet 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Nysgjerrige Nils 16.15 Ugler i mosen 16.35 Danny og Daddy 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Forbrukerinspektørene 17.55 Jordmødrene 18.25 Valg 07 - Duell 18.45 Valg 07 Distrikt og Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.40 Vikinglotto 19.45 Lov og orden: New York 20.30 Perspektiv: Dagsrevyens ansikt 21.00 Kveldsnytt 21.15 Lydverket live 22.00 50 menn på 10 uker 22.45 Battlestar Galactica 23.25 Kulturmytt

1 SVT 1

11.55 Julius Caesar 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Packat & klart 15.30 Krokodill 16.00 Lilla prinsessan 16.10 Ellas lördag 16.15 Världens största kör 16.30 Barndomshistorier 17.00 Mitt liv som en Popat 17.30 Rapport 18.00 Uppdrag Granskning 19.00 Sex med Victor 19.30 Mia och Klara 20.00 Studio 60 on the Sunset Strip 20.45 Simma lugnt, Larry! 21.15 Rapport 21.25 Kulturmytterna 21.35 Försvarsadvokaterna 22.20 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

STELPUARN
ALLA FÖSTUDAGA

ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu
og fáðu 30% afslátt af
fyrsta mánuðinum.

ALGJÖR SVEPPI!
29. SEPTEMBER

NÆTURVAKTIN
16. SEPTEMBER

TEKINN 2
14. SEPTEMBER

SKEMMTILEGRI
SEPTEMBER Á STÖÐ 2
BESTU ÍSLENSKU
SJÓNVARPSÞÆTTIRNIR



skemmtilegri

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Það er annað hvort Gufan eða Gullbylgjan. En ef maður er með litla krakka setur maður Latabæ á. Reyndar heyrir ekki mikið í tónlist yfir borinn, en maður er nú ekki alltaf að bora.“

Fríðgerður Samúelsdóttir tannlæknir.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. sett 6. utan 8. skordýr 9. tilvist 11. ryk 12. flottur 14. mont 16. hvað 17. leyfi 18. kærleikur 20. borðaði 21. viðlag.

LÓÐRÉTT
1. slagæð á úlnið 3. frá 4. garð-plöntutegund 5. auð 7. æxlást 10. fley 13. skarð 15. naga 16. rámur 19. drykkur.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1. pulsi, 3. af, 4. gíttíð, 5. bít, 16. háð, 19. te.
LÁRÉTT: 2. lag, 6. út, 8. fló, 9. líf, 11. ím, 12. smart, 14. gíttíð, 16. ha, 17. ím, 18. ást, 20. át, 21. stef.

- VEISTU SVARID
- Svör við spurningum á síðu 8
1.

2.


3.
- Straumur-Burðarás Fjárf.banki.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

Rússnesku.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



ARCTIC WEAR
Vinnuföt - Hlíðarföt

Regnsett stærðir XS-4XL

Góður vinnufélagi

Vesturvör 7 • 200 Kópavogur • Sími: 534-2900
www.aw.is

Baltasar missir af frumsýningu sonarins

„Nei, því miður þá næst það ekki. En ég ætla að sjá hana um leið og ég kem heim,“ segir leikstjórinn Baltasar Kormákur sem getur ekki verið viðstaddur frumsýningu kvikmyndarinnar Veðramót sem sonur hans, Baltasar Breki, leikur í. Baltasar og kvikmyndinni Mýrinni var „óvænt“ boðið á kvikmyndahátíðina Telluride sem haldin er í Colorado. Hátíðin þykir mjög eftirsótt en aðeins tuttugu og fimm myndir eru valdar og leikstjórum nánast gert skylt að mæta. Þá hefur jafnframt verið nokkur hefð fyrir því að þær myndir sem komast þarna að hljóti greiða leið að Óskarstilnefningu en Baltasar vildi lítið gera úr slíkri tölfraði. „Ég þarf nú fyrst að komast í gegnum valið hér heima,“ segir hann í léttum dúr.

Telluride er lítil borg í Colarado-ríki sem leikstjórinn lýsir eins og gömlum vestrabæ en þar eiga stórstjörnur á borð við Tom Cruise



sumarhús. Og Mýrin hefur svo sannarlega mælst vel fyrir hjá gestum hátíðarinnar því forsvarsmenn hátíðarinnar hafa þurft að bæta við tveimur sýningum á hana. „Yfirmaður hátíðarinnar átti ekki von á því að það yrði íslensk mynd sem yrði sú vinsælasta,“ segir Baltasar hróðugur.

Ferðalagi íslenska leikstjórans er hvergi nærri lokið því frá suðvesturhorni fylkisins liggur leiðin til kvikmyndahátíðarinnar í Toronto. Mýrin verður þar eina framlag Íslands. Toronto er þekkt fyrir að vera mikil söluhátíð og var Baltasar alveg hæfilega bjartsýnn. Og til að kóróna þetta allt er tökum lokið á Brúðgumanum og býst Baltasar við því að byrja að klippa hana þegar heim verður komið. -fgg

ÖNNUM KAFINN Baltasar er á leiðinni til Toronto þar sem Mýrin tekur þátt í hinni víðfrægu kvikmyndahátíð.



FJÖLSKYLDUSAGA Edda Andrésdóttir skrifar um Alzheimers-sjúkdóm látins föður síns í bókinni í öðru landi, sem kemur út í október.

EDDA ANDRÉSDÓTTIR: SKRIFAR BÓK UM VEIKINDI FÖÐUR SÍNS

Skrifar frá hjartanu

Fjölmiðlakonan Edda Andrésdóttir sendir frá sér bókina Í öðru landi í næsta mánuði. Þar segir hún frá reynslu sinni af því þegar faðir hennar veiktist af afbrigði Alzheimers-sjúkdómsins og lést á innan við ári.

„Ég held að ef fólk skrifar á annað borð, þá vinnur það svolítið úr sínum tilfinningum með því að skrifa. Þessi bók er skrifuð með hjartanu og tilfinningunum,“ sagði Edda. Faðir hennar, Andrés Magnússon, verkstjóri í Hvalstöðinni í Hvalfirði til margra ára, átti einnig sinn þátt í því að bókinn yrði að veruleika.

„Pabbi var myndlistarmaður og mikill bókamaður. Hann var svona leiðbeinandi minn í gegnum sitt mikla, góða bókasafn og eiginlega ábyrgur fyrir því að hafa leitt mig inn í þann heim. Við deildum allt af þessum mikla bókaáhuga,“ sagði Edda. „Hann hafði alltaf

hvað mig til að skrifa og stóð mjög að baki mér í því. Ég held að hann hafi nú kannski ekki átt von á því að hann yrði viðfangsefnið á endanum, en það varð nú,“ sagði hún og hló við.

Faðir Eddu veiktist í mars í fyrra og lést í nóvember. „Bókin dregur nafn sitt af því hvernig hann eins og hvarf smátt og smátt inn í annað land, en líka af því að ég var sjálf eins og stödd í öðru landi á meðan ég fylgdist með honum. Um leið og ég skynjaði að tími hans var að fjara út varð mér hugsað til liðna tímans,“ útskýrði Edda, sem í bókinni vefur saman reynslu þessa erfiða árs og minningabrotum frá liðinni tíð. „Bókin er eiginlega fjölskyldusaga, um venjulega fjölskyldu á seinni hluta síðustu aldar. En ég velti líka fyrir mér þessum skrifna og óskiljanlega tíma og ellinni. Ég dreg til dæmis upp mynd af þeirri

gömlu konu sem ég ætlaði að verða, áður en ég hugleiddi að maður gæti elst einhvern veginn öðru vísi en maður kysj sjálfur,“ sagði hún.

Edda hefur áður skrifað viðtalsbók við Auði Laxness, Á Gljúfra- steini, og við séra Auði Eir, Sólín kemur alltaf upp á ný. „Það var frábært að vinna með þeim báðum, en auðvitað er önnur og ólík reynsla að skrifa bók sem byggir alfarið á manns eigin reynslu og lífi,“ sagði Edda. „Faðir minn hafði mikil áhrif á mig og líf mitt, og ég hafði þörf fyrir að skrifa þetta. Það hvatti mig líka að mamma sagði við mig á einum tímamarki að það ætti að skrifa um þetta, því fólk veit ekki hvað gerist þegar svona hendir. Það hjálpaðist eiginlega allt að við að þessi bók varð til,“ sagði Edda.

Í öðru landi kemur út í október. JPV gefur út. sunna@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Spurningabáttur Skjás eins, Are you smarter than a fifth grader? hefur hlotið íslenska heitið Skarpari en skólakrakki. Aðstandendur þáttarins ætla greinilega að herja á Meistara Stöðvar 2 því verðlaunaféð verður einni milljón herra eða sex milljónir. Og verður því forvitni-legt að sjá hvort **Logi Bergmann** og félagar ætli að bregðast við þessari samkeppni með því að jafna eða hækka.



Sú skemmtilega staðreynd að liðin sem mættust í undanúrslitum VISA-bikarsins, Fjölnir og Fylkir, spiluðu bæði með Bónusgrísinn framan á búningum sínum hefur hleypst nýju blóði í bikarúrslitin sjálf. Þar mun nefnilega 1. deildarliðið úr Grafarvog- inum mæta þreföldum Íslandsmeisturum FH úr Hafnarfirði en þeir leika með merki Actavis framan á hjá sér sem er í eigu **Björgólfs Thors**.

Gísli Ásgeirsson, kennari og pókerlýsandi, hefur tekið við af **Elly Ármannsdóttur** sem vinsælasti bloggari Moggabloggsins. Hið skemmtilega er að Gísli byrjar allar færslur sínar á svipuðum notum og Elly varð fræg fyrir á sínum tíma. Gísli hefur augljós- mikið til málanna að leggja því hann heldur úti tveimur bloggsíðum; hin er malbein. net.

Ragnar Bragason er önnur kafinn leikstjóri því hann heldur til Danmerkur á næstu dögum þar sem kvikmyndin Börn keppir um Gullna svaninn á kvikmyndahátíð Kaupmannahafnar. Ragnar leikstýrir sem kunnugt er Skaupinu fyrir RÚV og hefur fengið þá **Jón Gnarr** og **Jóhann Ávar Grímsson** til liðs við sig. Tökur á Skaupinu hefjast í október og má fastlega gera ráð fyrir því að mál á borð við Grímseyjar-ferjuna verði þar fyrirferðarmikil. - fgg



Ótrúleg frjósemi í Gretti

„Ég er ábyrgur fyrir þessu öllu saman og öll börnin sem eru að koma í heiminn eiga eftir að verða hrokkinnhærð og ljós yfirlitum,“ segir Halldór Gylfason, sem leikur Gretti í uppfærslu Borgarleikhússins. Fimm leikkonur sýningarinnar; þær Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Marta Nordal, Álfrún Helga Örnólfsdóttir og Jóhanna Vigdís Arnardóttir eiga von á barni. Þá eignaðist leikstjórinn Rúnar Freyr Gíslason nýverið dótturina Selmu Rún og leikarinn Björn Ingi Hilmarsson varð pabbi fyrir skemmstu. „Þetta er náttúrulega alveg ótrúlegt en ég verst auðvitað allra fréttu og vil ekkert tjá mig um þetta mál að svo stöddu,“ segir Halldór og hlær.

Töluverð skörð hafa verið höggvin í leikhóp Grettis en á fyrstu sýningu nýs leikárs



FRJÓSAMUR Söngleikurinn Grettir hefur haft frjósöm áhrif á leikarana en alls eiga fimm leikkonur sýningarinnar von á barni.

voru sjö nýir leikarar í leikritinu. Halldór sjálfur segist hins vegar koma vel undan sumri þrátt fyrir ófarir síðustu misserin en hann sleit hásin fyrir tæpu ári og tognaði síðan í baki skömmu fyrir frumsýningu Grettis. „Nú er ég að fara að leika í Gosa og við skulum nú bara rétt vona að það gangi allt saman þrautalaust fyrir sig,“ segir Halldór. - fgg

ÁLFRÚN ÖRNÓLFSDÓTTIR Á von sínu fyrsta barni með unnusta sínum Fríðriki Fríðrikssyni.

ÚRVAL

AF ACER FARTÖLVUM



■ VEFMYNDAVÉL



acer

ACER ASPIRE 3693

Intel Celeron 1.73Ghz

512MB DDR2 minni

80GB harður diskur

15.4" skjár / Vista Home

4 x USB / WiFi / S-Video

15.4" bjartur kristalskjár, Intel örgjörvi, hraðvirkt vinnsluminni og nægt gagnapláss gerir þessa að þægilegum skólafélaga fyrir hagsýna nemandann. Þráðlaust net, innbyggð vefmyndavél og lesari fyrir minniskort er síðan rúsinan í pylsuendanum.



TILBOÐ:

69.900.-



■ VEFMYNDAVÉL



acer

ACER ASPIRE 5103

AMD Turion 64 X2 TL-52

1024MB DDR2 minni

120GB harður diskur

15.4" CrystalBrite skjár

Vista Premium / WiFi

Öflug fartölva frá Acer með björtum kristal skjá, tveggja kjarna örgjörva sem vinnur allt að 50% hraðar en hefðbundinn örgjörvi, nóg af hraðvirku vinnsluminni. Innbyggð vefmyndavél, kortalesari, 3 ára ábyrgð og Windows Vista Premium gerir þessa að meiru en bara skólafélaga.



TILBOÐ:

89.900.-



■ VEFMYNDAVÉL
■ 17" BJARTUR SKJÁR



acer

ACER TM 7320

Intel Celeron 1.86Ghz

1024MB DDR2 minni

80GB harður diskur

17" Stór og bjartur skjár

Vista Home Premium

Glæný fartölva frá Acer með 17" stórum og björtum skjá. Ef þú vilt stærra vinnusvæði í þinni tölvu á flottu verði þá er þessi vél lausnin! Innbyggð vefmyndavél, 3 ára ábyrgð og Windows Vista Home Premium



TILBOÐ:

99.900.-



■ VEFMYNDAVÉL
■ ATI X2500 512MB



acer

ACER TRAVEL MATE 5720

Intel Core 2 Duo T7100 1.8Ghz

1024MB DDR2 minni

160GB harður diskur

15.4" CrystalBrite skjár

ATI X2500 512MB skjá kort

Sterkbyggð fartölva frá Acer með nýjustu kynslóðinni af Intel tveggja kjarna örgjörvum, aragrúi af geymsluplássi með höggvernd og nóg af hraðvirku vinnsluminni. Öflugt skjá kort í tölvuleikina ásamt vefmyndavél, kortalesara og Windows Vista Premium gera þessa að sterkum skólafélaga.



TILBOÐ:

129.900.-



Kíktu við í verslun okkar að Síðumúla 37 og svalaðu þorstanum með ísköldu Coke í gleri á meðan þú skoðar nýjustu fartölvurnar!

Opnunartími: Virka daga - 10 til 18 Laugardaga - 11 til 15

svaR) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

BRÚNÁS INNRETTINGAR

Til sölu eru nokkrar sýningarinnréttingar vegna breytinga í búð okkar að Ármúla 17



BAKÞANKAR

Gerður Kristnýjar

Jag och min kändis

Ég var að bíða eftir flugi frá Gotlandi þegar ég kom auga á hann. Fyrst horfði ég bara og velti því fyrir mér hvort þetta væri örugglega hann. Ég lét augun hvarfla yfir á aðra farþega og leit svo aftur á hann. Jú, í samanburði við hina var þetta Nikolaj Lie Kaas, fyrsti leikarinn til að fá þrenn Bodil-verðlaun fyrir þrítugt og lék m.a. í Idioterne. Þarna sat hann og dottaði og enginn virti hann viðlits. Svár! hnussaði ég en bara innan í mér. Þeir vita greinilega ekkert um danska kvikmyndagerðarlist.

BLAÐAMANNSEÐLIÐ tók sig upp. Mér fannst ég þurfa að gera eitthvað. Átti ég ekki að vinda mér að manningum og segja eitthvað? „Minn bara á Gotlandi! Varstu kannski að leika í bíómynd eða hvað?“ Samt sat ég kyrr, enda ruddalegt að ræna þreyttan mann hvíldinni. Ég hef ekki verið nálægt jafnbekktum manni síðan ég mætti – og haldið ykkur fast – Colin McCredie í klósetttröppunum í Háskólabíói. Jú, mikið rétt, rauðhærða Skotanum sem leikur Stuart Fraser í Taggart. Auðvitað falaðist ég eftir einkaviðtali! Hvílíkt skúbb!

ÉG sveif líka einu sinni á Wyclef Jean úr The Fugees á Fornebu og skiptist á orðum við hann. „Minn bara í Noregi, ha? Stendur eitthvað til? Sjónvarpsþáttur! Gaman, gangi þér rosavel.“ Um leið og ég kom inn á hótél hringdi ég í vin minn til að segja að ég hefði rétt í þessu verið að rabba við Wyclef Jean. „Hann stóð nú við hliðina á mér á Kaffibarnum um daginn,“ sagði vinur minn og það rifjaðist upp fyrir mér að hljómsveitin var nýkomin af klakanum.

EN ég hef aldrei heyrt að Nikolaj hafi komið til Íslands. Hann átti ég alein og þarna svaf hann spottakorn frá mér án þess að nokkur gæfi honum gaum. Og líklega var það þess vegna sem óróinn seytlaðist smám saman úr mér og andardrátturinn varð aftur reglulegur. Þegar kallað var út í vél rumskaði Nikolaj, stóð upp og teygði úr sér. Hann settist rétt fyrir aftan mig í vélinni en samt var ég pollróleg eins og sú sem umgengist hefur þá ríku og frægu alla tíð. Ég meina, ég á enn tölvupóstfang Colins McCredie! Samt fyndist mér leiðinlegt ef enginn hefði frétt af því að ég hefði næstum því spjallað við sjálfan Nikolaj Lie Kaas.

GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 5. sept., 248. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádegí	Sólarlag
Reykjavík	6.20	13.26	20.31
Akureyri	6.00	13.11	20.20

Heimild: Almanak Háskólans



Gerðu eitthvað eftirminnilegt

Tvær léttar leiðir til að eignast Aygo:

26.408 kr.* á mánuði	14.996 kr. á mánuði
Innifalið: Afborgun af láni – Tryggingar – Bifreiðagjald 1. tímabils – Engin útborgun.	Meðalgreiðsla miðað við 30% útborgun og bílalán til 84 mánaða hjá Glitni.

Gerðu eitthvað eftirminnilegt – fáðu þér Aygo á þægilegum kjörum og njóttu þess að keyra áhyggjulaus.

Aygo. Engar áhyggjur. Svo máttu líka leggja frítt!

www.aygo.is

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070



* Sértílbóð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði. Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.